En einn er sá orkugjafi, sem hefur nokkra sérstöðu, þ. e. jarðhitinn. Sem stendur er notkun jarðhitans sem orkugjafa svo hverfandi lítil í heiminum, að hún er að því leyti ekki umtalsverð. Hins vegar má segja, að hann sé alls staðar nálægur og í einstöku löndum svo auðunninn, að máli getur skipt fyrir þá þjóð, sem í landinu býr, að nýta hann. Ísland er eitt þeirra landa og við munum ekki láta undir höfuð leggjast að kanna til hlítar, hvort og í hvaða mæli þjóðin getur hagnast á nýtingu þeirrar orkulindar.

### Notkun orkugjafanna

Öll orkunotkun mannkynsins er nú talin vera jafngildi orkuinnihalds 5330 milljón tonna af kolum á ári ( $= 43 \cdot 10^{12}$  kWh/ári  $= 37 \cdot 10^9$  Gcal/ári  $= 3700 \cdot 10^6$  tn olíu/ári) og skiptist á aðalorkugjafana á þessa leið í hundradshlutum reiknað :

	%
Kol og annað fast eldsneyti	43
Olía	37
Jarðgas	18
Vatnsafl	2
Kjarnorka ( alls um 30 TWh )	<u>0,05</u>
	100

### Orkunotkun þjóðanna

Orkunotkun er mjög misjafnlega mikil meðal þjóða heimsins. Orkunotkun Íslensku þjóðarinnar er mjög mikil, ef miðað er við fólksfjöldann. Íslendingar eru meðal allra hæstu þjóða í þessu efni. Bandaríki Norður-Ameríku og Stóra-Bretland nota meiri orku en við, en lönd eins og Noregur, Danmörk, Holland og Frakkland eru rúmlega þriðjungum lægri en við. Grikkland og Portugal nota varla meira en 1/10 hluta og Indland aðeins tuttugasta hluta þess, sem við notum, á íbúa reiknað.

Í stórum dráttum tekið fylgjast orkunotkun þjóðanna og efnahagsleg þróun þeirra að, þótt ekki megi taka orkunotkunina sem nákvæman eða einhlítan mælikvarða í því efni, einkum þegar um er að ræða mjög fámennar þjóðir eins og Íslendinga, eða þar sem mjög verulegur hluti orkunotkunarinnar fer til orkufreks iðnaðar svo sem í Noregi.

Flestra spá er, að orkunotkun í heiminum muni aukast örara á næstu áratugum en verið hefur nú undanfarið og menn telja sanni næst, að aukningin muni verða 4-5% á ári að meðaltali, og orkunotkun mannkynsins muni því fram til næstu aldamóta meir en þrefaldast frá því, sem nú er.

Ekki er víst, að sú þróun verði jöfn meðal allra þjóða, og vonandi verður hún hlutfallslega örari hjá þeim þjóðum, sem skemmst eru á veg komnar. Er þessa sérstaklega að óska, ef telja skal að þjóðarhagur og orkunotkun fylgist nokkurnveginn að. Bandaríkin eru í alþjóðaskýrslum nú talin nota um 30 sinnum meiri orku á íbúa reiknað en Indland. Munurinn á

vergi þjóðarframleiðslu þessara landa er samkvæmt skýrslum aðeins meiri. Þjóðarframleiðslan er um 170.000 kr/mann í Bandaríkjunum en 5.000 á Indlandi. (Hér sem annars staðar í þessu erindi er miðað við gengi 1 \$ = 57 ísl.kr.) Það er spá manna, að þjóðarframleiðsla í Bandaríkjunum muni tvöfaldast að minnsta kosti fram til næstu aldamóta. Þjóðarframleiðsla Indlands á íbúa reiknuð þarf þá að 35 faldast til aldamóta, ef bilið milli Indlands og Bandaríkjanna á ekki að aukast og 70 faldast til þess að Indland nái Bandaríkjunum.

### Magn innlendra orkulinda

Vatnsafl Íslands er sem stendur talið vera um 35.000.000.000 kWh/ári og er þá átt við það, sem kallað er tæknilega virkjanlegt vatnsafl. Það skiptist á sex landshluta þannig :

1. Suðurland, Árnessýsla, til og með V. Skaftafellssýslu	18.000	GWh/ári
2. Vesturland, Gullbringu- og Kjósarsýsla, til og með Dalasýslu	1.200	"
3. Vestfirðir	1.100	"
4. Norðurland vestra, Húnavatns- og Skagafjarðarsýsla	2.600	"
5. Norðurland eystra, Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýsla	6.200	"
6. Austurland, Múlasýslur og A. Skaftafellssýsla	5.900	"
	<hr/>	
	Samtals	35.000 GWh/ári

Jarðhita Íslands vitum við mjög lítið um enn. Dr. Gunnar Böðvarsson gerði á sínum tíma tilraun til að gízka á, hve mikill hann er og hefur rannsókn jarðhitans ekki miðað svo áfram síðan, að neinn hafi treyst sér til, að setja fram nánari áætlanir eða útreikning á magni hans. Gunnar skiptir jarðhitnum í stöðugt uppstreymi varma til yfirborðs annars vegar og varmaorkuforða jarðgrunnsins hins vegar. Stöðuga uppstreymið er orkulind, sem ekki eyðist þótt notuð sé, og að því leyti sama eðlis sem t.d. vatnsaflíð, en jarðgrunnsforðinn er varmanáma, sem eyðist þegar af er tekið.

Gunnar gískar á, að stöðugt uppstreymi varma til yfirborðs á hvera- og laugasvæðum Íslands sé um 35 milljónir Gcal/ári, en varmaforði jarðgrunnsins í efstu 2.000 metrunum 20.000 milljónir Gcal.

Hið árlega stöðuga varmauppstreymi hefur þá að ágizkun Gunnars sama varmainnihald sem 3,5 milljónir tonna af olíu ( 10.000 kg<sup>o</sup>/kg ), en varmaforði grunnsins svarar á sama hátt til 2.000 milljón tonna af olíu.

Til að nýta þennan jarðhita verðum við að ná honum upp með jarðborunum og vinna hann úr gufu og heitu vatni, sem upp úr borholunum fæst. Hin næsta spurning er þá, hversu miklum hluta þess varmamagns jarðhitans, er að framan getur, megum við búast við að geta náð upp og beizlað í borholum. Um það vitum við því miður ennþá harla lítið. Þó benda líkur til að ná megi næstum öllu hinu áætlaða árlega stöðuga varmauppstreymi með borunum á venjulegan hátt, ég reikna með ca. 85%. En er til varmaforða jarðgrunnsins kemur, þykir ekki varlegt að gera ráð fyrir, að af honum náist upp með borunum nema 1/10 hluti og er hér reiknað með því. Jafnframt ætla ég að gera ráð fyrir, að þessi forði verði unninn og nýttur á 50 árum, ef markaður fæst fyrir varmann á annað borð.

Í þau fimmtíu ár mætti samkvæmt þessum forsendum árlega ná upp :

a. frá stöðugu uppstreymi :	30 milljónum Gcal/ári
b. af varmaforðanum :	40 " "
Samtals	70 milljónum Gcal/ári

Þetta er að varmainnihaldi jafnt 7 millj. tonna af olíu á ári, en að sjálfsögðu ekki að verðmæti, eins og ég mun nánar víkja að síðar.

Jarðhiti Íslands, eins og dr. Gunnar Böðvarsson áætlað hann, skiptist nokkurnveginn þannig á landshlutana :

1. Suðurland : Árnassýsla til og með V-Skaftafellssýslu	$46 \cdot 10^6$ Gcal/ári
2. Vesturland: Gullbringu- og Kjósarsýsla til og með Dalasýslu	$8 \cdot 10^6$ "
3. Vestfirðir	$0,5 \cdot 10^6$ "
4. Norðurland vestra	$1,5 \cdot 10^6$ "
5. " eystra	$14 \cdot 10^6$ "
6. Austurland	$0,0 \cdot 10^6$ "
Samtals	$70 \cdot 10^6$ Gcal/ári

#### Verðmæti orkulindanna. Heildartekjur af orkusölu

Og hvert er þá verðmæti þessara orkulinda landsins ? Þótt við Íslendingar höfum viljað líta á orkulindir landsins, vatnsaflíð og jarðhitann sem auðlindir þjóðarinnar, er mér ekki kunnugt um, að neinsstaðar hafi verið sett fram mat á heildarverðmæti þeirra. Það mun og sagna sannast, að það er hreint ekki auðvelt og liggur enganveginn beint við á hvaða forsendum slíkt mat ætti að fara fram né hvaða aðferðum skuli við það beitt.

Ljóst er, að sá hluti vatnsaflsins, sem við aldrei virkjum, og sá jarðhiti, sem við ekki náum að beizla, verður ekki talinn til verðmæta í þessu sambandi.

Vatnsaflíð getur gegnt ýmiskonar hlutverki í þjóðarbúskap okkar. Er þá fyrst að telja, að það sé okkur fyrir raforku til almennra þarfa. Sem stendur nemur sá hluti vatnsaflsins í vergri þjóðarframleiðslu tæplega 200 Mkr. á ári og vex um 6,7% á ári.

En vonir okkar um að geta gert okkur vatnsaflíð að auðlind í náinni framtíð hljóta að vera fyrst og fremst bundnar við iðnrekstur í stórum stíl og þá fyrst og fremst stóriðju, sem krefst hlutfallslega mikillar orku. Sú stóriðja mun að sjálfsögðu framleiða fyrir erlendan markað; innlendir markaður verður ávallt hverfandi lítill um hvaða vörutegund sem er að ræða. Víst er, að hverskonar orkufreka stóriðju sem um er að ræða, þá krefst hún ódýrrar orku, enda er þess að vænta, að það verði ódýr orka fremur en nokkuð annað, sem gera muni kleift í framtíðinni að koma hér upp og reka útflutningsiðnað í stórum stíl. Þetta á einnig við um orkufrekan iðnað, sem úr innlendum hráefnum kann að vinna.

Hin einfaldasta viðmiðun um verðmæti orkulinda okkar og sú, sem eðlilegt er að grípa til

við fyrstu tilraun til að gera sér hugmynd um verðmæti þeirra, virðist mér vera sú að at-  
huga sennilegan skerf þeirra til þjóðarframleiðslunnar miðað við framleiðslugetu þeirra og  
samkeppnisfært söluverð orkunnar í heildsölu eða stórsölu á afhendingarstað til stóriðju.

Erfiðleikar geta verið á því, að slá föstu, hvað er samkeppnisfært verð. Á Íslandi er raf-  
magn selt í heildsölu frá stærsta orkuframleiðandanum, Landsvirkjun, á 26,6 auro/kWh,  
miðað við 8.000 klst. árlega notkun mesta álags. En sú sala fer ekki fram í samkeppni  
við aðra, þannig að hægt sé að segja að samkeppni ráði verðinu. Hins vegar selur Lands-  
virkjun raforku til álvinnslu hér á landi í fullri samkeppni við erlenda orkuframleiðendur,  
að telja verður. Söluverð þeirrar orku má því í þessu sambandi taka sem "samkeppnisfært  
söluverð", en það er nú um 15 auro á kílowattstund, ef miðað er við gengi 57 ísl.kr. á  
dollar.

Nú vitum við, að verulegan hluta af tæknilega virkjanlegu vatnsafla Íslands er kostnaðarsam-  
ara að virkja en svo, að unnt væri að selja raforku frá því við þessu verði. Hve mikinn  
hluta vitum við ekki enn, en þetta er eitt af því, sem okkur ríður hvað mest á að fá hald-  
góða vitneskju um sem allra fyrst. Á þessu stigi málsins verður hér að mjög verulegu  
leyti um ágizkun að ræða. Ágizkun mín er, að um helmingur hins tæknilega virkjanlega  
vatnsafls, sem talið er vera 35 milljarðar kWh á ári, eins og áður er sagt, sé virkjanlegt  
nálægt þessu verði, 15 auro á kWh.

Útkoma þessarar ágizkunar er því sú, að vergar heildartekjur af sölu raforku til stóriðju  
frá vatnsafla Íslands gætu orðið 2-3 milljarðar íslenskra króna á ári. Ég hygg að í þessu  
sambandi geti vergar heildartekjur af sölu reiknast að fullu sem skerfur til þjóðarframleiðslu.

Samkeppnisfært verð jarðhitans er e.t.v. enn erfiðara að ákveða en raforkunnar. Án þess  
að rökstyðja það nánar reikna ég, þegar um sölu til stóriðju er að ræða, með verðinu  
15,00 krónur á tonn af gufu, 150°C heitri úr borholum með 250°C botnhita. Eins og ég  
gerði, er ég ræddi um vatnsaflað, geng ég út frá því, að jarðhiti Íslands verði þjóðinni ekki  
að verulegri auðlind öðruvísi en að hann verði nýttur svo að segja allur í iðnaði af því tagi,  
sem ég nefni hér stóriðju, en þar er fyrst og fremst um ýmiskonar efnaiðju að ræða.

Til að vinna 1 tn af 150° heitri gufu úr borholum með 250° botnhita þarf um 1,5 Gcal.  
Söluverð 15,00 krónur á tonn af gufu samsvara því 10,00 kr/Gcal í jarðhita til framleiðslu  
gufunnar. Til samanburðar skal ég nefna, að innkaupsverð á olíu, sem notuð er til raforku-  
vinnslu í raforkuverum Danmerkur, var snemma á þessu ári rúmlega 60,00 kr. íslenskar á  
hverja Gcal, reiknað eftir þáverandi gengi íslensku krónunnar.

Ég sagði áðan, að áætla mætti, að jarðhiti Íslands gæti í fimmtíu ár látið árlega í té um  
70 milljónir Gcal, ef stuðst væri við tölur dr. Gunnars Bððvarssonar. Með 10,00 kr. verði  
á hverja Gcal gerir þetta í vergar heildartekjur af varmaorkusölu:

700.000.000, - kr/ári

Þetta er tæplega 3/10 hlutar af heildartekjum af sölu raforku til stóriðju frá vatnsafla lands-  
ins, eins og ég áætlaði þær áðan.

Hér er ekki reiknað með neinum tekjum af um það bil 35 milljóna Gcal, sem renna mundu árlega í burtu í 150°C heitu vatni, þegar gufan er unnin. Vafasamt er að þess verði kostur að nýta vatnið nema í smáum stíl, þótt gufan verði notuð og þar sem allar forsendur eru svo óvissar, ætla ég ekki að gera neina tilraun til að gizka á verðmæti heita vatnsins.

#### Söluverð þeirrar vöru, sem framleidd er með orkunni

Önnur viðmiðun eða ábending um verðmæti orkulindanna gæti verið sú, að athuga hvert er söluverðmæti þeirra afurða, sem unnin eru með orkunni.

Þegar um iðnað er að ræða, sem notar rafmagn aðeins sem hreyfiafl í vélarekstri, er orkan tíðum aðeins 1-2% af kostnaðarverði framleiðslunnar, og getur raunar orðið minna en það. Slíkur iðnaður er ekki viðkvæmur fyrir verði raforkunnar og ekki háður því, að mjög ódýr orka sé fáanleg. Hann kemur því ekki hér við sögu. Heldur er það aftur stóriðjan, álvinnsla og annar hliðstæður, orkufrekur iðnaður, sem við lítum á.

Með hliðsjón af álverksmiðjunni í Straumsvík, áætlunum um sjóefnavinnslu o.fl. telst mér svo til, að í svo lauslegum reikningi, sem ég hér er með, megi reikna, að útflutningsverð á afurðum þeirrar stóriðju, sem við hugsum okkur að nýti vatnsafl landsins, verði tífalt andvirði raforkunnar.

Niðurstaðan er þá sú, að við gizkum á að útflutningsverðmæti allrar þeirrar stóriðju, sem hugsanlega megi koma upp og reka við orku úr vatnsaflí Íslands sé 20-30 milljarðar króna.

Til samanburðar er þess að geta, að árið 1967 var heildarþjóðarframleiðsla íslensku þjóðarinnar um 24 milljarðar króna en útflutningur um 8 milljarðar.

Þegar hér er komið hugleiðingum okkar koma ýms ný atriði til yfirvegunar. Stofnkostnaður þeirra vatnsaflsvirkjana, sem við erum að ræða um, mundi verða að áætlast um tuttugu milljarðir króna, en stofnkostnaður allra verksmiðjumannvirkja stóriðjunnar allt að 50 milljarðum króna. Þjóðarauður Íslendinga er í dag talinn vera um 75 milljarðir króna.

Hér staldrar maður ósjálfrátt við, og spyr sjálfan sig, hvaða líkur séu til þess, að íslenska þjóðin muni geta komið upp, átt og rekið þau orku- og iðnaðarmannvirki, er um ræðir og áætlað er að kosti um 70 milljarða króna. Og ef svo er ekki, og t.d. iðjuverin verða að vera erlend fyrirtæki, svo sem við hina fyrstu byrjun, sem nú á sér stað í áliðnaði, hver verður þá afrakstur íslensku þjóðarinnar af hagnýtingu þeirrar náttúruauðlindar, sem hún hefur talið sig eiga í vatnsaflí landsins.

Þetta er eitt af rannsóknarverkefnum þeim, sem framundan eru varðandi hagnýtingu orkulindanna. Augljóst er, að á því er verulegur munur, hvort íslenska þjóðin á og rekur stóriðnaðinn, er nýtir vatnsaflíð eða ekki. Vitanlega mun afrakstur okkar Íslendinga vera töluverður, þótt við höfum ekki eignar- og umráðarétt að iðnaðarfyrirtækjunum og sá afrakstur getur orðið íslensku þjóðinni til verulegs hagsauka. Ef taka má mark af ummælum hins franska rithöfundar J. J. Servan-Schreiber í bók hans "Hin ameríska ögrun" er fullt útlit fyrir, að aðrar Evrópuþjóðir muni innan skamms verða í hliðstæðri aðstöðu að því, er tekur

til stóriðnaðar og annars stórreksturs í landi þeirra, eignar- og umráðaréttur yfir honum verði í höndum stórfyrirtækja Bandaríkja Norður-Ameríku, sem nú þegar hafa fengið í hendur verulegan hluta af nokkrum megingreinum iðnaðar og viðskipta ýmsra Evrópulanda, einkum innan Efnahagsbandalagsins. Ákvörðunarvaldið um framtíðarþróun í atvinnu- og efnahagslífi Evrópulandanna flytjist þá að töluverðu leyti til Ameríku. En velmegun og hagvöxtur Evrópulandanna verði farinn að byggjast svo mjög á þessum stórrekstri Ameríkana í Evrópu, að þjóðir álfunnar geti ekki, þótt þær vildu, með einhliða stjórnámálalegum aðgerðum, kippt í taumana, en þess að eiga á hættu stórfelldan afturkipp í efnahagslegri þróun einstakra landa og raunar, að líkindum, álfunnar í heild.

Ég mun ekki hætta mér út í að rekja nánar þjóðfélagsleg áhrif af rekstri stóriðju erlendra fyrirtækja í landinu. Það er verkefni hagvísindamanna og stjórnámálamanna, sem þurfa, að mínum dómi, að gera því hið fyrsta miklu betri skil, en gert hefur verið. En út frá takmörkuðum heimildum læt ég freistast til að reyna að gera mér einfalda mynd.

Ef hliðsjón er höfð af þeim samningum, sem gerðir hafa verið um byggingu og rekstur álverksmiðjunnar og orkusölu til hennar, virðist mega gizka á, að stóriðja erlendra fyrirtækja hérlendis kunni að skilja eftir í landinu í launum, sköttum og greiðslu fyrir orkuna upphæð, sem nemi um það bil 1/5 hluta útflutningsverðmæti verksmiðjuafurðanna, allt í erlendum gjaldeyri. Sú stóriðja, sem ég hef gert ráð fyrir að koma mætti upp við orku vatnsaflsins alls ætti þá að skilja þannig eftir í landinu 5 milljarða króna á ári. Líklegt er, að um 10.000 manns hefðu fulla atvinnu við iðjuverin og við orkuver og orkuveitu, sem sæi þeim fyrir orku.

Svarar þetta þá ekki til þess, að íslenska þjóðin kæmi sér upp orkuvinnslufyrirtæki, sem væri 20.000.000.000,- króna að stofnkostnaði, hefði 5.000.000.000,- króna brúttótekjur á ári og 10.000 manna starfslið?

### Samkeppni við aðra orkugjafa

Hinar innlendu orkulindir verða bæði beint og óbeint að keppa við orku frá erlendum orkugjöfum. Sú samkeppni fer harðnandi og líkur eru til þess, að raforka og varmi verði áður en langt um líður unnin úr kjarnorku með minni tilkostnaði, en við getum unnið raforkuna úr vatnsafli Íslands. Um það, hversu langt muni líða unz svo er komið, ríkir enn óvissa, en flestra spá er, að það kunni að verða innan tveggja áratuga héðan í frá.

Að því er bezt verður séð, mun hin ódýra kjarnorka aðeins fást frá mjög stórum orkuverum og vinnsla hennar ekki verða verulega ódýr eða hagkvæm, nema nýtt verði bæði varminn og raforkan, sem frá kjarnorkuverinu koma.

Þess er ekki að vænta að hér á landi muni í bráð verða þörf fyrir svo stórt raforku- og varmaver, að hagkvæmt verði að byggja það sem kjarnorkuver eða unnt að skapa hér heima markað fyrir orku frá svo stóru kjarnorkuveri. En framboð mjög ódýrrar raforku erlendis frá kjarnorkuverum mun að sjálfsögðu spilla eða taka með öllu fyrir skilyrði, sem annars kynnu að vera fyrir hendi, til að koma hér upp orkufrekri stóriðju til útflutnings. Verði kjarnorkuraforkan erlendis til muna ódýrari en raforka úr fallvötnum Íslands getur jafnvel að því komið í fjarlægari framtíð að hagkvæmara verði fyrir okkur að fá raforku um sæ-



streng erlendis frá, en að virkja fallvötnin.

Það yrði of langt mál að rekja ítarlega í þessu erindi, hver muni verða áhrif hinnar erlendu samkeppni í okkar orkumálum.

En eins og við horfir í dag, vakna ýmsar spurningar í huga manns þegar litið er fram á við. Verður sá hluti vatnsafls Íslands, sem að tveim áratugum liðnum er enn óvirkjaður, íslenzku þjóðinni verðlaus, vegna þess að ódýrari raforka fæst þá á annan hátt en með virkjun fallvatna? Getur það verið hagkvæmt, að virkja vatnsafl í stórum stíl fram til þess tíma? Verður þess nokkur kostur að tryggja á næstu tveim áratugum frambúðarmarkað fyrir orku slíkra stórvirkjana á Íslandi? Á hve lágu verði getum við á þeim markaði borið fram raforku frá stórvirkjunum okkar? Hve langan tíma mun það taka okkur að framkvæma þær rannsóknir og áætlunargerðir, sem veita svör við þessu? Mun að þeim rannsóknnum loknum og virkjunarframkvæmdum, sem þá taka við, enn verða kostur á kaupendum að orkunni?

Ljóst er, að það tvennt 1) hve ódýra raforku okkur tekst að vinna úr vatnsafl landsins, og 2) hve fljótt við höfum með rannsóknnum og áætlanagerðum lokið því að afla okkur nægilega öruggrar vitneskju um þetta, ræður verulega um líkur þess, að takast megi að nýta vatnsafl landsins að nokkru marki í náinni framtíð.

#### Rannsókn orkulindanna

Það vantar því miður ennþá töluvert á, að við höfum aflað okkur þeirrar þekkingar á orkulindum Íslands, sem við nauðsynlega þurfum á að halda til þess að geta boðið orku þeirra fram í skarpri samkeppni við aðra orkugjafa með öryggi þess, sem veit hann hefur góða og samkeppnishæfa vöru að bjóða.

Samkeppnisaðstaðan krefst þess af okkur, að við einbeitum okkur að því að finna hinar allra hagkvæmustu aðferðir, tilhögun og tækni við að virkja orkulindirnar til þess að orkan verði eins ódýr og frekast er unnt. Við munum þurfa að aðhæfa erlendar aðferðir við virkjun vatnsafls íslenzkum staðháttum, og vera viðbúinir að þróa að einhverju leyti nýja tækni til þess að ná hinum fullkomasta árangri.

Það gildir bæði um vatnsafl og jarðhitann, að vitneskja okkar um magn, framleiðslukostnað og gæði þeirrar orku, sem úr þeim má vinna, er enn að verulegu leyti í molum.

Enn vantar okkur auk annars að vita virkjunarkostnað í stórám landsins öðrum en Þjórsá og Hvítá með þeirri nákvæmni að talist geti fullnægjandi, er byrjunarathuganir og umræður um möguleika á stóriðju fara fram, og er þó jafnvel vitneskja okkar í þessu efni um suma hluta Þjórsár og Hvítár mjög takmörkuð. Ekki er rétt að láta við það sitja að hafa slíka vitneskju um Þjórsár-Hvítáarsvæðið eingöngu. Líklegt er, að í öðrum landshlutum, svo sem t. d. í Norðlendinga- og Austfirðingafjórðungi, séu fyrir hendi skilyrði til ódýrra stórvirkjana, sem ekki standa að baki ýmsum virkjunum sunnanlands til vinnslu orku fyrir stóriðju, en koma ekki til álita meðan vitneskja um virkjunarskilyrðin eru ófullnægjandi. Veruleg frestun á virkjunarrannsóknum í þeim landshlutum getur því orðið til þess að útiloka þá frá

hagnýtingu vatnsaflsins, þótt skilyrði væru góð frá náttúrunnar hendi.

Rannsóknir okkar á jarðhitnum eru því miður enn skemmra á veg komnar en á vatnsaflinu. Við styðjumst að mjög verulegu leyti við ágizkanir um magn hans og afkostagetu einstakra jarðhitasvæða. Við höfum enn ekki tileinkað okkur þá borunartækni, þá þekkingu og þjálfun, sem við þurfum að öðlast, áður en við förum að vinna gufu í stórum stíl fyrir stóriðju. Þær jarðboranir, sem framkvæmdar hafa verið á Íslandi til þessa, eru hverfandi smáar í samanburði við það, sem framundan er, ef til þess kemur, að við nýtum allan okkar jarðhita. Boranir fyrir þeim 70 milljónum tonna af gufu, sem ég áætlaði áðan að vinna megi á ári úr íslenskum jarðhita, munu ekki kosta minna en 3-4 milljarða króna, ef stofnkostnaðar-ágizkun mín um jarðhitamannvirkin er nærri lagi, en tölurnar eru í eðli sínu mjög óvissar.

Þær almennu rannsóknir á orkulindum landsins, sem við munum enn þurfa að framkvæma svo dæma megi með sæmilegu öryggi um möguleika þess að hagnýta orkuna í stóriðju, vildi ég kalla forrannsóknir.

Að því er tekur til vatnsaflsins er markmið slíkra forrannsókna t.d. (1) að ganga úr skugga um, að ekki séu á virkjunarstað neinar þær aðstæður, ergert gætu viðkomandi virkjun tæknilega eða fjárhagslega óframkvæmanlega, (2) að kanna hvernig heildarnýting tiltekins vatna-kerfis svo sem t.d. Þjórsár með þverám, verði bezt fyrir komið og (3) að gefa grófa hugmynd um virkjunarkostnað byggða á raunverulegum virkjunaraðstæðum, en ekki forsendum, sem menn gefa sér í bili eins og í frumáætlunum.

Ég nefni þetta forrannsóknir vegna þess, að í þeim felst alls ekki að gera neinar fullnaðar-áætlanir af mannvirkjum eða aðrar slíkar lokaathuganir fyrir framkvæmd virkjana eða byggingu iðjuvera. Engu að síður er hér um umfangsmiklar rannsóknir og athuganir að ræða, ef þær eiga að ná til alls þess vatnsafls og alls þess jarðhita, sem hugsanlegt er að nýta á þennan hátt.

Ég hef reynt að gera mér grein fyrir kostnaði af þessum forrannsóknum með því að styðjast við þær stofnkostnaðartölur, sem ég set fram í þessu erindi. Þær forrannsóknir á vatnsafl landsins, sem enn eru eftir, þar með talin tæknileg athugun þess, hver kostur muni vera að þrýsta niður virkjunarkostnaði, tel ég verða að áætla á einn til tvo hundraðshluta af væntanlegum stofnkostnaði virkjananna. Hins vegar mætti telja, að forrannsóknum væri nú þegar lokið á um það bil 1/5 hluta vatnsaflsins og er þá fyrst og fremst höfð í huga Búrfells-virkjunin og vissir virkjunarstaðir aðrir í Þjórsá og Hvítá. Forrannsóknir á jarðhita landsins verða hlutfallslega dýrari vegna þess, að við þær verður óhjákvæmilegt að framkvæma töliverðar gufuboranir. Hygg ég að traúðla verði komið af með minni rannsóknarkostnað en 3% af áætluðum stofnkostnaði jarðvarmavirkjananna.

Ég fæ þá :

	<u>Stofnkostnaður</u> Mkr.	<u>Forrannsóknir</u> % af stofnk.	<u>Mkr.</u>
Vatnsvirkjanir ( 4/5 hl. stofnk. )	16 000	1-2	240
Jarðvarmavirkjanir	7 000	3	210
Samtals	23 000	2	450

Ef við viljum stefna að því að taka orkulindir landsins í notkun á þeim skamma tíma, tveim áratugum eða svo, sem spáð er að taka muni kjarnorkuna að komast niður fyrir vatns-afsorkuna í verði, komumst við ekki hjá því að hraða þessum forrannsóknum orkulindanna. Lengri tíma en 8-10 ár megum við ekki ætla okkur til að ljúka þeim. Árlega þyrfti því að verja til þeirra ekki minna en 50 milljónum króna, ef mín mjög svo lauslega áætlun reynist rétt.

Samtímis þessu verða að sjálfsögðu að fara fram iðnaðarrannsóknir sérstaklega, en um það mun Baldur Líndal ræða í erindi sínu hér á eftir.

Þessar orku- og iðnaðarrannsóknir eru kostnaðarsamar, en hins vegar kann að vera eftir nokkru að seilast, ef árangur næst.

Hér er um margbreytilegar og fjölpættar rannsóknir að ræða, sem falla undir tæknivísindi, hagvísindi og margar greinir raunvísinda, svo sem t.d. jarðfræði, jarðeðlisfræði, efnafræði, straumfræði o. s. frv.

Við eigum nú orðið á að skipa hópi vel menntaðra tæknivísindamanna, hagfræðinga og raunvísindamanna á öllum sviðum, sem vel færir eru til að sinna slíkum rannsóknum.

Við Íslendingar höfum stært okkur af, að þetta land hafi um aldirnar byggt kjarkmikil þjóð, sem ekki gafst upp þótt á móti blési. Þrjúzkir og þrjár höfum við víst að minnsta kosti verið.

Nú eru einu sinni enn erfiðir tímar að skella yfir okkur. Er þar þó vonandi um smámuni að ræða hjá því sem forfeður okkar áttu oft við að stríða. En stjórnámálameð okkar í dag hvetja okkur þó til að bregðast karlmannlega við erfiðleikunum og snúa vörn upp í sókn.

Á slíkri stund sýnast mér orku- og iðnaðarrannsóknirnar vera verðugt verkefni að einbeita sér að, rannsóknir og athuganir, sem nú er greinilega aðkallandi þörf fyrir, ef þess á að vera von að orkulindir landsins verði íslenzku þjóðinni svo mikilvægar auðlindir, sem hún hefur látið sig dreyma um.

BALDUR LÍNDAL  
efnaverkfræðingur

IÐNAÐARMÁL - ÁSTAND OG HORFUR Á ÞRÓUN

Iðnaður er breitt og umfangsmikið starfssvið hjá öllum tækniþróuðum þjóðum. Samkvæmt skýrslum Efnahagsstofnunarinnar hér var 26,6% allrar vinnu þjóðarinnar varið á þeim vettvangi árið 1965, og þykir samt lágt, miðað við nágrannaþjóðir okkar.

Hér er iðnaði skipt niður í tvo flokka, þ.e. fiskiðnað og svo allan annan iðnað. Fiskiðnaðurinn tók til sín 9,5% alls vinnuafls þjóðarinnar 1965, en annar iðnaður 17,1%. Þessi þáttur í atvinnuskiptingunni, sem nefndur er annar iðnaður, er sá stærsti. Næst kemur þjónusta, þá verzlun, landbúnaður, byggingar, samgöngur, fiskiðnaður, fiskveiðar, og loks raforka og vatn. Til hægðarauka mun ég nota orðið iðnaður yfir það, sem hagskýrslurnar kalla annan iðnað, en fiskiðnaður var ræddur sérstaklega af Dr. Þórði Þorbjarnarsyni.

Það er eðlilegt að gera sér nokkra grein fyrir því, hvað þessi iðnaður er, sem tók til sín 12.800 mannaár 1965.

Orðið iðnaður er lauslega skilgreint þannig gagnvart hagskýrslum, að það taki til allrar meðferðar frumhráefnis, þangað til neytandinn tekur við því, utan þess sem eðlilega fellur undir aðra tiltekna liði í atvinnuskiptingunni, svo sem flutninga, geymslu og verzlun. Sviðið nær þannig til margra almennra starfa, handverks og verksmiðjuiðnaðar, og einnig til viðgerða. Merkingin er þannig miklu víðari en sú, sem lögð er í orðið í daglegu máli, og engar haldgóðar skýrslur munu vera fyrir hendi um allt það, sem miðað er við.

Efnahagsstofnunin hefir hins vegar góðfúslega látið mér í té skýrslu um skiptingu mannaára í helztu greinum iðnaðarins árin 1964-'67. Nær hún til 10,8% alls unnins tíma árið 1965, sem eru um 8000 mannaár.

---

Erindi flutt á ráðstefnu Vísindafélags Íslands  
í nóvember 1968.

Langstærsti liðurinn þarna er málmsmíði, sem nemur 2,9%. Skipasmíðar nema 0,7%, og kaðla-, færa-, línu-, neta- og nótagerð 0,5%. Þessi starfsemi er mikið tengd sjávarútveginum.

Tiltekin vinnsla, sem nær mest til landbúnaðarafurða, svo sem mjólkurvinnsla, er 0,5%, spuni, vefnaður, þrjónles og sýtun, nemur svo 0,9%.

Fatagerð nær til 1,2%, húsgagnasmíði 1,0%, innréttingasmíði 0,7%, sælgætis- og gosdrykkjagerð 0,6%, ýmis matarframleiðsla, að mestu úr innfluttu hráefni, 0,3%, kemiskur iðnaður, þar meðal sement og áburður, 0,7%, raftækjasmíði og viðgerðir 0,5%, og annað 0,4%.

En fleira er vert að aðgæta í sambandi við þennan iðnað, sem einnig kemur í ljós af skýrslum Efnahagsstofnunarinnar. Árið 1910 var hlutdeild hans í þjóðarvinnuframlagi aðeins ríflega 5%, og það hækkar lítið þangað til 1930, þegar það var ríflega 7%. Næstu 20 ár verður mjög ör breyting, og þetta er komið upp í 16% árið 1950. Hins vegar er breytingin lítil eftir það, og hlutdeildin var 17% 1965.

Flestir munu túlka þetta þannig, að á árunum 1930-50 hafi átt sér stað nokkurs konar iðnbylting hér á landi. Þessi framleiðsla, sem þá reis upp, hafði þann megintilgang að spara innflutning og búa að sínu. Stríðsárin ýttu mjög undir þá stefnu. Hin stóru átök, sem þetta leiddi til, komu fram í byggingu áburðarverksmiðjunnar og sementsverksmiðjunnar. En hinn takmarkaði íslenski markaður fyrir samkeppnishæfar iðnaðarvörur mettaðist fljótt, og árin 1955 til '65 munu sennilega helst verða talin aðlögunarár. Alla vega er víst, að með næstu stóráttökum á sviði þessa iðnaðar, sem koma nú fram kísilgúrverksmiðjunni og aluminium-verksmiðjunni, er stefnt inn á gjörólíkt svið, þ.e. inn á markaði erlendis. Hvort sú nýja stefna leiðir af sér aðra iðnbyltingu er enn á huldu.

Eitt virðist þó nokkuð öruggt út frá spám Efnahagsstofnunarinnar um atvinnuskiptingu í framtíðinni og þjóðarfjölgun, að mannaflí ætti að vera fyrir hendi til mikilla athafna á því sviði. En spurningin, sem við veltum fyrir okkur í bili, er miklu fremur, hvaða grundvöllur sé tiltækur og tryggur sem undirstaða meiri iðnaðar og hvaða iðnað á að byggja upp, sem hefir útflutning að höfuðmarkmiði.

### Náttúruauðlindirnar

Við höfum lengi vitað um óyggjandi náttúruauðlindir hér, sem hafa iðnaðarþýðingu, og sumar eru þegar í notkun að einhverju leyti. Veigamest þeirra eru vatnsafl, jarðhiti og líka ákveðin hráefni. Í þessu sambandi er þó vert að minna á skilgreininguna á orðinu náttúruauðlind, en hún er þessi:

Náttúruauðlind er hvert það efni, sem er nýtilegt fyrir manninn í umhverfinu. Hvaða efni sem er, á eða í jörðinni, í höfunum og í loftinu, sem getur öðlazzt þýðingu efnahagslega, getur orðið náttúruauðlind. Til þess að eitthvað sé nægilega hagnýtt fyrir manninn til að teljast auðlind, verður það að fullnægja vissum skilyrðum, og meðal þeirra er það, að maðurinn verður að hafa þróað færni sína svo mikið, að hann geti nýtt þær auðlindir, sem hann hefði annars.

Vísindin eru þannig stöðugt að skapa sér nýjar auðlindir, og stundum tortímast þær eldri með tilkomu hinna nýju. Á meðal nýrra auðlinda hér má meðal annars telja jarðhitann og nokkur jarðefni, og það er mjög athyglisvert við jarðhitann, að eiginleg tilkoma hans sem náttúruauðlindar er litlu eldri en uranium til atómorku. Hins vegar er vatnsorkan sú auðlind, sem telja má meðal hinna elztu og staðföstustu allra þeirra, sem hníga að iðnaði.

En viðvíkjandi öllum auðlindum vitum við í rauninni aðeins það, hvort hún er það í raun í dag. Út frá þeirri staðreynd er svo hægt að fikra sig áfram varðandi gildi hennar nokkur ár eða í hæsta lagi nokkra tugi ára fram í tímann. Hættan á, að slíkir möguleikar fari forgörðum, nema þeir séu nýttir í tíma, er mikil nú, og mun fara vaxandi sökum meiri hraða í tilkomu nýjunga. En á móti því kemur svo, að nýjar auðlindir skjóta upp kollinum líka.

Ég mun víkja nokkrum orðum að því, hvers konar iðnaður er helzt hugsanlegur nú í sambandi við þær náttúruauðlindir, sem við nú teljum helztar. Ég mun skipta þessu niður í eina fjóra flokka, eftir því hvert er meginundirstöðuatriði hér.

### Raforkuiðnaður

Þann iðnað, sem byggir á raforku, má gjarnan kalla raforkuiðnað. Þar verkar raforkan hliðstætt og hráefni gera, og verð á henni er því beint undirstöðuatriði.

Raforkuiðnaður einkennist þá fyrst og fremst af því, að notuð er mikil raforka á hverja þungaeiningu afurðar, og að mikið er framleitt af afurðinni í sama iðjuveri. Þessi iðnaður er þannig óhjákvæmilega það, sem við höfum kallað stóriðju hér á landi.

Sá flokkur iðnaðar, sem nú kemur til álita á þessu sviði, og helzt telst hreinn raforkuiðnaður, er ekki ýkja stór. Helzt mætti nefna aluminium, silisfúrn og fosfór, og svo nokkur efni, sem framleidd eru úr jarðolíu.

Raforkuþörf þessara afurða liggur yfirleitt á milli 10 og 20.000 kWh í tonnið.

Miðað við það magn, sem nauðsynlegt er að framleiða á einum stað af þessum vörum, höfum við hverfandi lítinn markað heima fyrir. Svona framleiðsla er því nær eingöngu útflutningsvara, sem verður að vera samkeppnisfær að verði og gæðum í hinum stóru iðnaðarlöndum, sem nota vöruna. Þannig verður aðstaða okkar til þess að framleiða þessar vörur og koma þeim á markaðinn að vera jöfn eða betri en þeirra til að framleiða þær heima fyrir. Sé raforkan þannig hinn ákvarðandi þáttur í framleiðslukostnaði, þarf hún að kosta minna hér en á markaðssvæðinu. Enda hefur hún sem betur fer gert það.

Sé litið á málið frá þessum grundvelli, er það minnsta, sem þarf að koma til fjárhagslega umfram markaðssvæðið, greiðsla á flutningskostnaði á afurðinni út. Sé miðað við vöru, sem væri góð í flutningi og þann mismun á raforkuverði, sem nú er almennt álitinn mögulegur, svarar þessi flutningskostnaður til eins fjórða þessa mismunar.

Fleira kemur þó til, og ber fyrst að nefna kostnað við flutning á hráefni og rekstrarvörum til landsins. Til dæmis er oft svo í þessum greinum að flytja þarf að sér hráefni og rekstrarvörur, sem nemur 3-4 tonnum á hvert tonn unninnar vöru. Hins vegar getur þar staðið svo á, að umframkostnaðurinn sé ekki ýkja hár og svari ekki til mikið meira en flutningskostnaðar á einu tonni af fullunninni vöru, eða öðrum einum fjórða af verðmismun. Eftir eru þá helmingur. Til þess að gera sér nánar grein fyrir, hvað það þýðir, er þægilegt að nota verð hins framleidda efnis sem viðmiðun, og kemur þá í ljós að það, sem eftir er, samsvarar kannske um 3% af söluverði vörunnar.

Lækkir raforkuverðmismunurinn um helming, annað hvort vegna innlendra aðstæðna eða betri kjara í raforku erlendis, er mismunurinn kannske enginn. Svigrúm til þess að mæta teljandi öðrum kostnaði, sem sem innflutningstollum erlendis, er mjög lítið.

Enda þótt þessi iðnaður, sem byggist á einni innlendri auðlind, hafi þannig lítið grundvallarsvigrúm, hefir hann augljósa möguleika til að dafna. Kemur þar fyrst til, að hann er þegar í uppsiglingu, og það annað hvað langt við erum, þrátt fyrir allt, komnir í undirbúningi virkjana.

### Jarðhitaiðnaður

Gufunotkun í sumum iðnaði er það mikil, að hún er höfuðatriði, alveg eins og raforkan er á sinn hátt. Með tilliti til jarðgufunnar og hins lága framleiðslukostnaðar á henni, gætum við vel hugsað okkur nokkuð, sem kalla mætti hreinan jarðhitaiðnað. Nokkrar athuganir í þá átt hafa farið fram hér, og mætti þá nefna vinnslu alumíníumoxíðs úr innfluttu bauxíti og einnig vinnslu þungavatns.

Í fyrra tilfellinu breyttist tæknin okkur í óhag, áður en við gátum notfært okkur þennan möguleika, og í seinna tilfellinu hefir enn ekki verið unnt að koma framkvæmdum á, hvað sem seinna verður.

### Hráefnaiðnaður

Til er líka iðnaður, sem kalla má hreinan hráefnaiðnað. Sú er raunin með fiskiðnaðinn, sem hefir svo mikla þýðingu fyrir okkur. Ennfremur má nefna ullar- og skinnaiðnað, sem hvort tveggja hefir þróað mjög ört á síðari árum. Vinnsla á biksteini myndi t.d. líka falla undir þennan flokk, og nokkrar horfur eru á, að það takist að koma honum á markað í sambandi við kísilgúrvinnsluna við Mývatn.

### Iðnaður fleiri samverkandi grundvallaratriða.

Nú er komið að iðnaði, sem byggist á fleiri samverkandi grundvallaratriðum.

Það er augljóst, að framleiðslugrein, sem byggist á tveimur eða fleiri náttúruauðlindum, getur að öðru jöfnu staðið sig betur en sú, sem styðst við einskorðaða undirstöðu. Slíkt fyrirkomulag er þegar í framkvæmd hér í einu tilviki, og verið er að reyna fyrir sér á öðru viðtakara sviði nú.



Kísilgúrvinnslan við Mývatn er grundvölluð á tveimur frumpáttum, þ.e. nýtilegu hráefni og jarðgufu. Segja má, að gufan þjóni þarna tvennu hlutverki. Í fyrsta lagi gefur hún þann varma, sem venjulega þarf til þurrkunar annars staðar, sem kalla mætti grundvallarorku. Í öðru lagi gefur hún þann varma, sem þarf umfram það sem venjulegt er, og stafar af því að gúrin er mun blautari en venja er til. Gufan verkar þannig bæði sem frumpáttur og sem nýtingarhvöt fyrir hráefni, sem í eðli sínu hefir neikvæðan þátt. En samt er útkoman jákvæð, að því er varðar orkukostnað við þurrkun, vegna þess hve ódýr gufan er. Hinn frumpátturinn eru gæði efnisins, sem gerir afurðina samkeppnishæfa við aðra, sem þarf að flytja miklum mun lengra til markaðsins. Það er út af fyrir sig, mun svara til nálægt 10% af útflutningsverðmæti.

Nú hefir hafizt athugun á öðrum iðnaði hér, sem byggist á fleiri grundvallaratriðum og raunar öllum þeim þremur, sem mestu máli skipta raforku, jarðgufu og hráefnum.

Hugmyndin þar er að ná umbreyttum, heitum sjó með borunum á Reykjanesi og vinna úr honum ýms sölt og bróm. Nokkrar líkur eru til þess, að með hjálp jarðgufunnar, sem fæst með hinum umbreytta sjó, megi vinna þarna salt við verði, sem er sambærilegt við það, sem mjög lágt gerist annars staðar, og þá hugsanlega með lægra verði en salt er fáanlegt fyrir á aðalmarkaðssvæðum íslenzkrar iðnaðarvöru. Önnur sölt, svo sem kalsíum klóríð og kalsíum klóríð, sem þessi umbreytti sjór er mjög ríkur af, eiga einnig mikinn þátt í þessum hugsanlega möguleika. Ef okkur tekst þetta, öðlumst við veigamikil hráefni, sem hafa verulega jákvæða verkun.

Með því að hagnýta sér einnig venjulegan sjó og skeljasand, hefir síðan komið fram ákveðin hugmynd um framleiðslu á magnesíum og fleiri efna með saltinu. Valin hefir verið aðferð til athugunar, sem getur nýtt jarðgufu í miklum mæli, ásamt hinni sjálfsögðu raforku til magnesíum-vinnslunnar. Sé gert ráð fyrir, að magnesíum og einnig hliðarefni þess, sem eru klór og sódi, séu flutt út, gefur orkan þarna samt um 20% ávinning í magnesíumverði, miðað við núverandi verðlag á orku á markaðssvæðunum. Hér myndi ég telja góðan möguleika um framgang mála, þrátt fyrir harðnandi samkeppni, og jafnvel þótt svo færi, að við mættum meiri tæknilegum örðugleikum en nú er reiknað með.

Í beinu sambandi við þetta mál fer svo fram athugun á framleiðslu, sem hefir hliðstæðan grunn, svo sem natríummálms og alkali-klórata.

Af þeim efnum, sem þarna koma fram, hefir klór einna mesta möguleika til frekari vinnslu hér innanlands. Nokkuð margir hugsanlegir möguleikar eru þar fyrir hendi, en sá veigamesti er að nota það til framleiðslu á polyvínýlplasti eða forsamböndum þess, sem þá er hins vegar byggt á olfu og raforku. Á þann hátt gæti sjóefnaiðjan, eins og við höfum kallað þessa efnavinnslu, möguleika almennt, einnig haft nokkur áhrif á aðstöðu til byggingar á olfuhreinsunarstöð hér, en á því sviði útaffyrir sig, hafa verið gerðar töluverðar athuganir á síðari árum hér.

Sú hugmynd hefir einnig komið fram að framleiða klór og víttissóða úr salti frá Reykjanesi. Þá myndi víttissóðinn fluttur út, en klór notað á hliðstæðan hátt og í fyrri tilfellingunni.

Ég held, að það sé í þessa átt, sem við ættum að leita fyrir okkur á fleiri sviðum, og þá sérstaklega í því skyni að öðlast hráefni, sem má vinna frekar með raforku. Innflutningur á hráefnum í því skyni er að öllum jafnaði eitthvað neikvæður þáttur, eins og skýrt hefir verið, og vald yfir grunnhráefnum hefir vaxandi þýðingu gagnvart því, að þjóðir geti lagt stund á vinnslu þeirra. Eins og þegar hefir komið í ljós, gildir hér oft ekkert klassískt mat á jarðefnum í iðnaðarskyni. Jarðhitinn hefir raskað öllu slíku, og mun efalltíð gera það ennþá frekar í framtíðinni.

### Framtíðarverkefni

Nú hefi ég rætt töluvert um hvers eðlis sá iðnaður er, sem helzt hefir verið talinn koma til álita, og þó stiklað þar á stóru. Margt á líka eftir að koma í ljós, svo að það er ástæðulaust að fara lengra út í þá sálma hér. Við skulum heldur rétt líta á, hvert umfang þess iðnaðar væri, sem nýtti náttúruauðlindirnar að einhverju töluverðu leyti.

Tiltækilegt vatnsafl er talið nema um 17 terawattstundum á ári, að frá-dreginniraforku til almenningsþarfa. Þegar tekið er til hliðsjónar, að 66.000 tonna alumínium-verksmiðja í Straumsvík tekur eina terawattstund og öll núverandi rafmagnsnotkun í landinu er 0,7 terawattstundir, verður ljóst, hvert umfangið er. Þegar þar við bætist nýting á varma frá jarðgufusvæðunum, sem vel gæti numið sem svarar til margra milljóna tonna af olfu á ári, kemur umfangið enn betur í ljós.

Þetta samsvarar þá raforkuiðnaði, sem svarar til nærri einnar fullbyggðrar Straumsvíkur-verksmiðju á hverju ári í næstu 20 ár, ásamt með verulegum öðrum iðnaði í sambandi við jarðhitann og það annað sem tiltækilegt er. Þetta myndi leiða til um einnar milljónar tonna af aluminium á ári, eða 15% núverandi heimsframleiðslu. Ef við svo hugsum til magnesíum, svarar þetta til þrefaldrar heimsframleiðslunnar á þeim málmi, ásamt með þeim varma, sem til þarf. Slíkt er þá umfangið.

En viðhorfin til slíkra mála hér hafa breytt mjög verulega með tilkomu þeirra stórframkvæmda, sem nú eru á döfnni. Og þau eiga eftir að breytast ört í náinni framtíð. Ég er ekki viss um, að seinna meir verði litið á það sem mikla goðgá, þótt minnzt sé á, hvort ekki sé tímabært að líta nánar á uppbyggingarmöguleik okkar á þessu iðnaðarsviði sem heild - segjum næstu 10-20 ár.

Slík allsherjarathugun myndi leiða margt í ljós, sem er bráðnauðsynlegt fyrir þjóðina að vita, svo sem:

- 1) Hvað mikilli framleiðslu má ná, ef einhver tiltekinn hluti af vatnsaflinu væri nýttur.
- 2) Hvers má vænta af jarðhitnum.
- 3) Hver eru hráefnin og hvar.
- 4) Hvort sé tiltækilegt eða áætlað vinnuafli á hverjum tíma.
- 5) Hvaða samhengi sé milli tiltekinna framkvæmda, að því er varðar náttúruauðlindir og að því er varðar sölumöguleika á afurðum.
- 6) Hvaða fjárfestingu þetta leiðir af sér.
- 7) Hvar markaðirnir eru, og loks
- 8) einhvern ramma um framgang mála, sem þó ætti að vera mjög sveigjanlegur.

Kostur allsherjarathugunar er meðal annars sá, að hún myndi leiða í ljós, hve gloppóttar þær athuganir eru, sem fram að þessu hafa verið gerðar á hagnýtingarsviðinu, auk þess sem hún myndi leiða í ljós, hvert umfang væri yfirleitt hugsanlegt.

Hitt er líka þegar ljóst, að arður þjóðarinnar af þessum auðlindum er mjög háður því, að við getum tvinnað þær saman og getum séð með nokkrum fyrirvara, hvaða rannsóknir eru nauðsynlegastar á hverjum tíma.

Mér blandast ekki hugur um, að hér sé að finna eitt meginverkefni íslenskra vísindamanna í framtíðinni, og að hér muni þekkingin lyfta því Grettistaki sem þörf er nú á.

Jakob Björnsson, deildarverkfræðingur og Gunnar Ámundason, verkfræðingur:

Um notkun raforku til húshitunar á  
Suðvesturlandi í framtíðinni

1. Almenn um rafhitun húsa

1.1 Inngangur. Margt hefur verið rætt um hitun húsa með raforku á undanfórnum árum, og það mál, eins og húshitun almennt, er sífellt ofarlega á baugi. Er það að vonum þar eð nálægt helmingur allrar orkunotkunar þjóðarinnar fer til að hita húsrými.

Að okkar dómi hefur þó skort mjög á það í þessum umræðum, að vandamálið væri nægjanlega skilgreint, og er það ekki einsdæmi í umræðum hér á landi. Talað hefur verið um húshitun með raforku án nánari tilgreiningar, rétt eins og um eina, samkynja notkun væri að ræða. Langt er þó frá að svo sé, og málið er í eðli sínu flókið og yfingripsmikið. Því er lítt vænlegt til árangurs að ræða það þannig sem eina heild, heldur virðist okkur álitlegra og raunar nauðsynlegt að greina það í sundur; taka síðan hvern hluta um sig til athugunar, og fá síðan heildarniðurstöðuna fram með því að setja saman niðurstöður úr hinum einstöku hlutum sem málið er greint í.

Hér er þó enganvegin aðtlunin að fara alla þessa leið, heldur verður látið nægja að benda á hvernig greina má viðfangsefnið í sundur og síðan tekinn fyrir einn þáttur, og skýrt frá nokkrum athugunum sem gerðar hafa verið á Raforkudeild Orkustofnunar nú nýlega honum viðvíkjandi.

1.2 Notkunarhættir raforku til húshitunar

Húshitun með raforku má greina sundur á margvíslegan hátt og eftir mörgum sjónarmiðum. Sú greining sem hér er dregið á, og er engan veginn sú eina mögulega, byggir á því (1) hvernig raforkan er hagnýtt og (2) hverskonar húsrými er hitað. Hún er á margan hátt eðlileg frá sjónarmiði raforkuiðnaðarins, þar eð hún greinir jafnframt milli mismunandi markaða fyrir rafhitun.

Greiningin er á þessa leið:

1. Aðalhitun með raforku

1.1 Hús í byggingu eða óbyggð ("ný" hús)

1.1.1 Einbýlishús í þéttbýli

1.1.2 Raðhús

1.1.3 Fjölbýlishús

1.1.4 Hús í dreifbýli

## 1.2 Hús, sem þegar er lokið ("eldri" hús)

### 1.2.1 í þéttbýli

### 1.2.2 í Dreifbýli

## 2. Hjálparhitun með raforku

### 2.1 Til að spara aðalorkugjafa (t.d. olíu)

#### 2.1.1 Hús í þéttbýli

#### 2.1.2 Hús í dreifbýli

### 2.2 Sem varahitun, ef aðalorkugjafi bregst

Í fyrri aðalflokknum, aðalhitun með raforku, er raforkan annaðhvort eini orkugjafinn, eða a.m.k. sá sem treyst er á við venjulegar kringumstæður. Í síðari flokknum er aðalorkugjafinn annar en raforka, t.d. olía.

Þessir tveir meginflokkar mynda tvennskonar markað fyrir raforkuna. Hægt er að selja raforku við herra verði sem aðalorkugjafa, en kröfurnar á hendur framleiðanda og dreifanda eru jafnframt meiri, þar er raforkan er þá sá hitagjafi, sem að jafnaði er treyst á. Sem aðalorkugjafa til húshitunar má selja raforkuna eins hátt og þann orkugjafa sem við hana keppir, og jafnvel nokkru herra, sökum (1) lægri stofnkostnaðar rafhitunarkerfa en annarra hitunarkerfa; (2) sparnaðar í byggingu hússins (á aðeins við um ný hús); (3) auðveldleika raforkunnar í stýringu og annarra þæginda og (4) - a.m.k. sumsstaðar - vegna þess að menn líta á rafhitað hús sem stöðutákn og eru tilbúnir að greiða fyrir það tákn. Sé raforkan notuð sem hjálparorka verður verðið að jafnaði að vera mun lægra en sem aðalorkugjafa, sökum þess að þau atriði sem nú voru talin koma þá ekki til. Á hinn bóginn eru kröfur notandans á hendur raforkuiðnaðinum þá jafnframt minni. Ætla má, að sem hjálparorka verði raforkan að seljast nokkrum mun ódýrara en aðalorkugjafinn, þar eð sparnaðurinn af notkun hennar verður a.m.k. að standa undir stofnkostnaði á auka-hitunarbúnaði notandands vegna rafhitunarinnar, og helzt nokkru betur.

## 1.3 Samkeppnisaðstaða raforkunnar til húshitunar

Þau atriði, sem nú voru talin lýsa samkeppnisaðstöðu raforkunnar til húshitunar gagnvart öðrum hitagjöfum. Afar mikilvægt er fyrir raforkuiðnaðinn að þekkja þessa samkeppnisaðstöðu og raunar ekki bara fyrir hann; allar umræður um húshitun með raforku hljóta að vera meira og minna í lausu lofti á meðan þessi samkeppnisaðstaða er óljós eða óþekkt. Því miður er þetta mjög lítið rannsakað mál hér á landi enn. Vitað er þó að samkeppnisaðstaðan er mismunandi eftir húsategundum (einbýlishús; raðhús; fjölbýlishús); þéttleika byggðar (þéttbýli; dreifbýli); einangrun húsanna, o.fl. þ.e. þeim atriðum sem lögð voru til grundvallar í greiningunni hér að framan.

Nýlega hefur Gísli Jónsson rafveitustjóri í Hafnarfirði athugað hitunarkostnað nýrra einbýlishúsa þar í bæ með raforku og olfu (aðalhitun með raforku). Var niðurstaðan sú, að raforkan mætti kosta allt að 54 aur/kWh (verðlag fyrir síðustu gengisfellingu) án þess að rafhitun yrði dýrari en olfuhitun. Enn sem komið er hefur samskonar samanburður ekki verið gerður fyrir (1) raðhús; (2) fjölbýlishús; (3) sveitabýli, og er þó slíkar samanburður mjög nauðsynlegur. Einnig væri nauðsynlegt að bera saman kostnað við hitun einbýlis- rað- og fjölbýlishúsa með jarðvarma og raforku.

Þótt hér sé rætt um samkeppni og samkeppnisaðstöðu raforku og annarra hitagjafa táknar það ekki endilega að ávallt sé um raunverulega samkeppni að ræða í öllum tilvikum. Samkeppnin er hins vegar að okkar dómi mjög hentugt vinnulíkan við rannsókn á húshitunarmálum, og orðið er fremur notað í því sambandi hér. Stundum er rafhitun t.d. talið það til gildis gagnvart fjarhitun með jarðhita, að þá megi komast af með eitt dreifingarkerfi fyrir orku í stað tveggja. Slíkt er þó ekki kostur í sjálfu sér; spurningin er með hvorum hættinum hitunin verður ódýrari. Ef samkeppnisaðstaða hvors um sig, raforku og jarðhita, er rannsökuð samvirkusamlega kemur það af sjálfu sér raforkunni til góða, að með rafhitun þarf einungis að styrkja rafkerfið, en með jarðvarmahitun þarf að leggja sérstakt dreifikerfi. Kerfin koma því sjálfkrafa inn í dæmið, og engin þörf á að ræða sérstaklega á eftir hvort æskilegra sé að hafa tvö dreifikerfi en eitt, enda erfitt að meta það út af fyrir sig.

Öruggt má telja að samkeppnisaðstaða raforkunnar til húshitunar sé betri í "nýjum húsum", þ.e. húsum, sem verið er að byggja eða ekki er byrjað á, en hinum, sem lokið er við. Hin fyrri er hægt að skipuleggja með rafhitun fyrir augum, og spara þannig mismuninn á stofnkostnaði rafhitunarkerfa og annarra hitunarkerfa; skorstein; kyndiklefa o.fl. og tryggja minni hitunarþörf með bættri einangrun o.s.frv. Og það má skipuleggja heil hverfi, ekki bara einstök hús, með rafhitun fyrir augum og miða rafdreifikerfið þegar í upphafi við rafhitun. En í öllum samanburði á hitunaraðferðum verður að gæta þess mjög vandlega að allar kostnaðarbreytingar, á hvorn veginn sem þær ganga, t.d. sparaður kyndiklefi; dýrari einangrun; dýrar rafdreifikerfi, en aðeins eitt orkudreifikerfi í stað tveggja, komi með í útreikningana á samkeppnisaðstöðunni.

Yfirleitt má ætla að auðunnasti markaðurinn fyrir rafhitun sé hitun nýrra einbýlis- og raðhúsa. Athugun Gísla, sem vikið var að, bendir til að við hitun nýrra einbýlishúsa hafi rafhitunin mjög góða samkeppnisaðstöðu.

Miklu meiri óvissa ríkir um aðstöðu rafhitunarinnar í hitun eldri húsa, sem þegar hafa annað hitunarkerfi og ekki eru gerð með neinni hliðsjón af rafhitun, t.d. varðandi einangrun. Margir benda þó á að hér eigi rafhitunin möguleika t.d. er endurnýja þarf gömul hitunarkerfi hvort eð er. Sömuleiðis ríkir enn afar mikil óvissa um samkeppnisaðstöðu raforkunnar gagnvart jarðvarma, bæði í nýjum húsum og eldri húsum. Ætla má þó að það sé í nýjum einbýlishúsum og kannske raðhúsum sem staða raforkunnar er sterkust, einnig gagnvart jarðvarmanum.

Dreifbýlið er kafli fyrir sig. Þar er yfirleitt ekki um samkeppni við jarðvarma að ræða heldur einungis olíu. Sparnaður á olíu er verðmætari í sveitum vegna hærri flutningskostnaðar og hættu á samgöngutruflunum, en verðjöfnun sú sem haldið er uppi á olíu dregur þó úr þessu frá einkahagssjónarmiði notandans, þótt mismunurinn sé til staðar frá þjóðhagslegu sjónarmiði eftir sem áður. Sama verðjöfnun gerir samkeppnisaðstöðu olíunnar í þéttbýli hins vegar lakari, frá einkahagssjónarmiði. Gagnvart raforkuiðnaðinum skiptir einkahagssjónarmið notandans meginmáli er meta skal samkeppnisaðstöðu raforkunnar. En raforkuiðnaðurinn ætti ekki að reikna með að olíufélögin eftirláti honum hitunarmarkaðinn mótþróaust. Markmiðinu með verðjöfnun olíunnar má ná eftir öðrum leiðum, og rétt er fyrir raforkuiðnaðinn að reikna með því sem möguleika að hún verði afnumin vegna þrýstings frá olíufélögunum ef þeim finnst aðstöðu sinni stefnt í tvískygu á húshitunarmarkaðinum.

Framangreindar hugleiðingar eiga fyrst og fremst við um aðalhitun með raforku. Hjálparhitun með raforku er markaður fyrir sig, sem er að heita má ekkert nýttur enn þá hér á landi, enda var hann lítil til skamms tíma. Með tilkomu sjálfvirkra olíukynditækja opnast hins vegar möguleikar á að skipta milli raforku og olíu á alsjálfvirkan hátt án þess að notandinn hafi hugmynd um hvenær hann notar hvorn orkugjafa um sig. Þetta má gera úr fjarlægð, t.d. frá álagsstjórnstöð rafveitu gegnum álagsstýringarkerfi og jafnvel án þess að maður komi þar nærri. Raforkuiðnaðurinn þarf hér ekki að leggja í annan kostnað en stýringarkerfið. Hins vegar hefur rafhitun á þennan hátt varla nokkuð annað sér til ágætis frá sjónarmiði notandans en lægra verð og í einhvern aukakostnað verður hann að leggja vegna hennar. Hér skiptir því sjálft orkuverðið meginmáli um samkeppnisaðstöðu raforkunnar, þ.e. um möguleika hennar til að komast inn á markaðinn yfirleitt. Lítil sem enginn munur á því hvort um ný hús eða gömul er að ræða; þar á móti er eða ætti að vera nokkur munur í þessu tilliti á dreifbýli og þéttbýli. Hjálparhitun ætti að eiga auðveldara uppdráttar í dreifbýli. Þar eð munurinn er lítil á gömlum húsum og nýjum, þegar



um hjálparhitun er að ræða er sjálfur hitunarmarkaðurinn sem raforkan keppir á til muna stærri en þegar raforka er aðalhitagjafinn. Hins vegar nær raforkan ekki nema hluta sölunnar. Samt mun mega gera ráð fyrir að hjálparhitunarmarkaðurinn sé allstór hér á landi, og er hér um athyglisvert mál að ræða fyrir raforkuiðnaðinn. En vert er að vekja athygli á því að hjálparhitunarmarkaðnum gilda allt aðrar aðstæður varðandi samkeppnisaðstöðu raforkunnar en á aðalhitunarmarkaðnum, svo sem reynt hefur verið að sýna fram á hér að framan. Hér er því í raun og sannleika um tvennskonar markaði að ræða.

## 2. Markaður fyrir aðalhitun húsa með raforku á Suðvesturlandi á næstu 15 árum

### 2.1 Inngangur

Til þess að gera sér nokkra - takmarkaða að vísu - grein fyrir áhrifum húshitunar með raforku á heildarnotkun raforku og þar með á þróun raforkuiðnaðarins í framtíðinni tók Raforkudeild sér fyrir hendur á s.l. hausti að kanna hversu mikla raforku þyrfti til að hita öll nýbyggð íbúðarhús á Suðvesturlandi, þ.e. frá Borgarfirði til Víkur í Mýrdal á tímabilinu 1968-1983. Tekin voru fyrir nýbyggð íbúðarhús einvörðungu vegna þess að þau virðast líklegasti markaðurinn fyrir aðalhitun með raforku. Tekið skal aftur fram, að hér er aðeins tekinn til meðferðar örlítill hluti hins margþætta vandamáls sem heitir húshitun með raforku. Tilgangurinn er fyrst og fremst sá að gera sér grein fyrir vissum stærðarhlutföllum. Jafnframt er haft í huga að þetta geti verið upphafið á stærra verki.

Ástæðan til þess að tímabilið til 1983 var valið er sú, að Aðalskipulag Reykjavíkur nær til þess tíma.

Leitað var til Efnahagsstofnunar um mannfjöldaspá fyrir tímabilið, og til skipulagsyfirvalda um upplýsingar um væntanlegar íbúðahúsabyggingar og áætlaða skiptingu þeirra í einbýlis- rað- og fjölbýlishús. Reyndin varð sú, að skipulagsmálum virðist skemmra á veg komið en við hügðum og enda þótt skipulagsyfirvöld tækju málaleitan okkar mjög vel og vinsamlega gátu þau ekki látið okkur í té nema takmarkaðar upplýsingar. Meðan svo er hlýtur að verða örðugt um vik um allar framtíðaráætlanir um húshitun með raforku.

Gert var ráð fyrir að um hitun nýrra húsa með rafmagni yrði eingöngu að ræða á Reykjavíkursvæðinu, a.m.k. svo nokkru nemi. Var þar í fyrsta lagi byggt á upplýsingum landnámsstjóra, sem taldi frekari nýbýlabyggingar á Suðvesturlandi ólíklegar þau ár, sem hér um ræðir í öðru lagi að stöðnunar hefur gætt í vexti kaupstaða utan Reykjavíkursvæðis, nema þá helst Keflavíkur, að undanfögnu.

## 2.2 Bygging nýs íbúðarhúsnæðis á svæðinu

Áætlað var að aukning fábýlis, þ.e. einbýlis og raðbýlis, talið í íbúðar-einingum, yrði svipuð og meðalaukning árin 1960-'67 eða um 370 íbúðir á ári. Fjöldi einbýlishúsa var um það bil 40% af fjölda íbúða í fábýli þessi ár. Ef reiknað er með að þetta hlutfall haldist áfram og heildaraukning fábýlis verði svipuð frá ári til árs er ekki fráleitt að áætla að aukning einbýlishúsa nemi um 150 húsum á ári. Þetta jafngildir um  $75.000 \text{ m}^3$  húsnæðis ef meðalstærð húsanna er  $500 \text{ m}^3$ .

Meðalaukning íbúðarhúsnæðis í heild var um 340 þús.  $\text{m}^3$  árin '61 - '67. Þar af voru, eins og áður var sagt um 75 þús.  $\text{m}^3$  húsnæðisins einbýlishús. Teljast þá um 365 þús.  $\text{m}^3$  vera tvíbýlis- og fjölbýlishús. Gert er ráð fyrir að tala haldist óbreytt þann tíma, sem um er að ræða eða fram til 1983.

Ofangreindar tölur um áætlaða aukningu íbúðarhúsnæðis ber að taka með fyrirvara. Þær eru aðeins niðurstaða tilraunar til þess að áætla markað fyrir raforku til húshitunar. Húsabyggingar eru háðar svo mörgum þáttum, sem heita má ómögulegt að segja fyrir um. Nægir í því sambandi að benda á efnahagsafkomu þjóðarinnar, sem háð er aflabroögðum og árferði meðal annars. Hins vegar virðist ekki fráleitt að álíta, að unnt sé að gera sér grein fyrir orkumarkaðnum í stórum dráttum, að stærðargráðan fáiist nokkurn veginn enda þótt nákvæmnin sé ekki meiri. Stuðzt var við upplýsingar frá Efnahagsstofnuninni um fullgerðar íbúðir í Reykjavík og næsta nágrenni árin 1954-'67. Ekki var þó talið ráðlegt að nota tölur eldri en frá árinu 1961. Ástæðan til þess er sú, að fram til þess tíma gætti áhrifa frá hömlum þeim, sem voru á íbúðabyggingum meðan fjárfestingaleyfa var þörf. Ennfremur voru fjölbýlishús byggð til sölu óalgeng á fyrstu árum eftir að hömlum var létt af.

### 2.3 Varmþörf

Við áætlun á varmaþörf íbúðarhúsnæðis var einkum stuðzt við útreikninga og niðurstöður Gísla Jónssonar, rafveitustjóra. En til þess að einfalda reikninga og með tilliti til þeirrar ónákvæmni sem er í áætluninni um húsa-byggingar í framtíðinni var farið að sem hér segir. Gert var ráð fyrir að unnt sé að nýta til fulls fría varmann og jafngildi hann þeirri orku, sem þarf til upphitunar neyzluvatns. Orkan, sem rafhitunarkerfið þarf að láta í té, er þá jöfn varmatöpum hússins. Er hér reiknað að gler og einangrun séu í samræmi við kyndingarháttinn, notað sé tvöfalt gler og hagkvæmasta einangrun miðað við rafhitun. Er þá ekki fráleitt að reikna með varmaþörf einbýlishúsa um  $120 \text{ kWh/m}^3$  á ári. Varmþörf raðhúsa er hér talin hin sama og einbýlishúsa, enda þótt hún sé í reynd svolítið minni. Varmþörf fjölbýlishúsa er nokkru minni en einbýlishúsa. Ekki er fjarri lagi að álíta að um 20% minni orku þurfi til þess að mæta varmatöpum fjölbýlishúsa en einbýlishúsa. Ef nú er gert ráð fyrir að nýta megi frían varma á svipaðan hátt og í einbýlishúsum og hann svari nokkurn veginn til þeirrar orku; sem þarf til neyzluvatnshitunar, þá þarf orkan, sem rafhitunin lætur í té að standa undir varmatöpum hússins. Hér er reiknað með að varmaþörfin sé um  $100 \text{ kWh/m}^3$  á ári. Miðað við ofangreinar tölur yrði þá orkuþörf til hitunar einbýlishúsa og raðhúsa, þ.e. fábýlis um 9 GWh á ári.

### 2.4 Niðurstöður

Ef reiknað er með að raforkuiðnaðurinn næði öllum hitunarmarkaði í nýbyggðum íbúðarhúsum þ.e. að öll ný íbúðarhús á Suðvesturlandi verði hituð með rafmagni yrði árleg aukning orkuþarfar vegna hitunar húsnæðis annars en fábýlishúsa um 26 GWh á ári. Samtals yrði þá árleg aukning orkuþarfar vegna húshitunar um 35 GWh á ári. Árið 1983 gæti því orkusalan til húshitunarnumið 135 GWh til fábýlis eða 525 GWh alls til viðbótar núverandi hitun. Þetta er reiknað við húsvegg notandans. Í orkuveri yrðu samsvarandi tölur 160 GWh og 630 GWh. Til samanburðar er það, að árið 1967 nam vinnsla vegna hitunar á svæðinu um 60 GWh í orkuveri reiknað og heildarorkuvinnsla til almennra þarfa um 400 GWh.

## NOKKUR ATRIÐI ÚR SÖGU RAFMAGNSINS

### Formáli

Það verður seint ofsögum sagt af veldi eða mætti tækninnar í henni veröld okkar. Tæknin leggur okkur til vopn og verkfæri til að vinna margs konar kraftaverk, og sigrast á hinum verstu fjendum. Eins og mörg önnur alþjóðleg nýyrði á orðið rót að rekja til forngrísku. Það er dregið af forngríska orðinu techne, sem táknaði "þekkingu" í mjög víðtækri merkingu þess orðs. Þannig gat techne þýtt list þá, er þarf til skipasmíða og steinsmíða, ræðumennsku, spásagna og ritmennsku. Rómverjar þýddu orðið techne oft á sitt mál með orðinu ars = list, og hélzt sú þýðingamerking lengi hjá ýmsum þjóðum. Má í því sambandi benda á, að Íslendingar þýddu polytechnisk með fjöllista: í mörgum öðrum íslenskum orðum kemur list fyrir tækni.

Á síðustu tímum, sérstaklega á síðustu öld, hefur tækni fengið merkinguna véltækni og þá jafnvel ýmiss konar orkuvinnslu eða orkubúskap. Jafnframt hefur vegur rafmagnsins sem orkuforms sífellt aukizt.

Rafmagnið, sem hlaut nafn sitt árið 1600, er skilgetið barn tækninnar. Það hefur þrózt vel og sýnt frábæra kosti og er fyrir löngu orðið þýðingarmesta orkuformið, aðallega sökum þess hve tiltölulega auðvelt er að dreifa orkunni í þessu formi frá orkuverum til neytenda og breyta raforkunni þar í ýmsar aðrar orkumyndir, svo sem ljós, varma, hreyfingu og ýmiss konar efnafræðilegar verkanir. Helztu viðburðir í hinni löngu sögu rafmagnsins verða raktir hér á eftir.

Þótt nú sé mikið rætt um kjarnorku, er ekki þar með sagt, að rafmagnsöldinni sé að ljúka. Kjarnorkuverið Calder Hall í Bretlandi framleiðir sams konar raforku og þeir félagarnir Birkeland og Eyde notuðu í Notodden í Þelamörk fyrir Norsk Hydro 1905 eða litla rafstöðin íslenska, sem Jóhannes Reykdal reisti við Hafnarfjarðarlæk árið 1904. Rafmagnið er og verður sömu náttúru alls staðar og lýtur sömu lögmálum, þótt hin upphaflega orkulind skipti um nafn og eðli, sé olía, kol, fallvatn, sjávarföll, sólarorka eða kjarnorka.

Það er eingöngu tilviljun, að grein þessi er rituð á 100 ára afmæli tveggja stórvíðburða í sögu rafmagnsins, en á þessu ári (1966) eru liðin 100 ár frá því, að Siemens fann upp handrafal þann, sem síðan hefur verið við hann kenndur og við könnumst við frá gömlu símatækjunum, og eins eru 100 ár síðan varanlegt samband með morseritsíma fékkst yfir Atlanzhafið.

## Rafeinkenni efnisins

### Dales frá Miles

640 - 548 f. Kr.

Dales er einn af fyrstu grísku heimspekingunum og vísindamönnunum. Til hans er rakin þekkingin um, að raf (= elektron) dragi að sér fis og ýmsa léttu smáhluti, þegar það er núið. (Dales sagði fyrir sólmyrkva, sem var 28. maí 585 f. Kr.)

### William Gilbert

1540-1603

Enskur læknir. Fyrstur manna að rannsaka og skrifa vísindalega um segulmagn og rafmagn og gera greinarmun á þessum náttúrukröftum í bókinni "De Magnete", árið 1600.

### Otto Guericke

1602-1686

Borgarstjóri í Magdeborg. Gerði tilraunir með lofttæmdar kúlur og rafhleðslur. Þjó til rafhleðsluvél árið 1663 og lofttæmidælu sem lengi var notuð.

### Stephen Gray

1670-1736

Enskur vísindamaður. Uppgötvaði muninn á leiðum og einangrum og að aðeins yfirborð hluta verður rafhlaðið. Flutti rafhrif 122 m vegalengd eftir leiði.

### Charles Dufay

1698-1739

Uppgötvaði muninn á jákvæðu og neikvæðu rafmagni og athugaði áhrif hita á rafmagn. Hann flutti rafhrif um 400 m vegalengd eftir leiði.

### Alexander Gordon

(1763)

Skozkur munkur búsettur í Þýzkalandi. Þjó til rafmerkjakerfi. Það er fyrsta hugmyndin að ritsíma.

### Ewald J. von Kleist

1676-1749

Prússneskur prestur. Reyndi að setja rafmagn í flösku og fann þannig rafhleðslubéttinn (1745).

Pieter van Musschenbrock

1692-1761

Háskólakennari í Leyden í Hollandi. Uppgötvaði 1746 það sama og Kleist. Uppgötvun hans "Leyden"-flaskan varð seinna mjög frægt áhald og lengi notað við ýmsar tilraunir í rafmagnsfræði.

Benjamín Franklín

1706 - 1790

Amerískur prentari og stjórnspekingur. Sannaði í júní 1752, að eldingar væru rafmagnsfyrirbrigði; fann upp eldingavarann.

Charles Augustin de Coulomb

1736-1808

Franskur verkfræðingur. Skýrði undirstöðulögmál segulmagns og stöðu rafmagns og fann mælitæki, snúningsvogir til að mæla kraftverkan þessara náttúruafla. Árið 1785 ritaði hann hið kunna lögmál sitt:

"Að tveir samnefndir segulpólar hrinda hvor öðrum frá sér, en ósamnefndir dragast saman með krafti, sem stendur í beinu hlutfalli við styrkleika beggja seglanna, en í öfugu hlutfalli við fjarlægðina í öðru veldi."

René Just Hauy

1743-1822

Franskur vísindamaður. Uppgötvaði þrýstingsrafmagnið (Piezo-rafmagn) 1782.

Luigi Aloysius Galvani

1737-1798

Ítalskur læknir. Fann snertirafmagnið 1786 (tilraunin með froskfætturna).

Alessandro Volta

1745-1827

Ítalskur háskólakennari. Fann fyrstur efnarafhlöðu 1799 og 1800 voltasúluna, sem olli þáttaskilum í rafmagnsfræðinni.

Johann W. Ritter

1776-1810

Dýzkur vísindamaður. Fann, að málmar hafa misjafna leiðni. Fann upp rafgeyminn.

Antoine F. de Fourcroy

1755-1809

Franskur læknir. Fann hitaverkanir rafmagnsstraums árið 1800 og seinna viðnám leiða.

Humphrey Davy

1778-1829

Enskur vísindamaður. Brautryðjandi í rafefnafræði, fann upp rafbogaljósin.

Samuel Th. von Sommering

1755-1830

Dýzkur læknir. Faðir fyrsta ritsímans.

Hans Christian Ørsted

1777-1851

Danskur háskólakennari. Uppgötvaði rafsegulmagnið 1820 og opnaði með því veg til margvíslegra nota rafmagnsins.

André Marie Ampère

1775-1836

Franskur háskólakennari. Útskýrði nánar seguláhrif rafstraums og gerði fyrstur greinilegan mun á spennu og "straumi". Ampère spurði: "Ef straumar verka á segla, verka þá ekki seglar líka á rafstrauma og straumur á straum?".

Michael Faraday

1791-1867

Enskur vísindamaður. Brautryðjandi í háspennutækni og rafhreyfitækni með spanspólu sinni, er hann fann 1831.

Georg Simon Ohm

1787-1854

Dýzkur háskólakennari. Lagði grundvöll að þekkingunni um viðnám og eðlisviðnám málma.

Johann Schweigger

1779-1857

Dýzkur kennari. Uppgötvaði eimangrun þráða og undirbjó á þann hátt notkun þráða í rafsegla og fleira.

William Sturgeon

1783-1850

Enskur skósmiður. Þjó fyrstur til rafsegla.

Joseph Henry

1797-1878

Bandaríkjamaður. Skapaði sér frægð fyrir að sameina uppgötvanir Schweiggers og Sturgeons. Þjó til sterka rafsegla.

Samuel F.B. Morse

1791-1872

Amerískur listmálari. Fann upp ritsímann 1832-38, stafróf Morse 1837. Fyrsta ritsímalínan Washington-Baltimore, 1. apríl 1845, var lögð að frumkvæði hans.

Cyrus West Field

1819-1892

Bandaríkjamaður. Lagði ritsímastreng yfir Atlantshaf í ágúst 1858 (strengurinn bilaði eftir 3 vikur). Varanlegt samband kom 1866.

Johann Philipp Reis

1834-1874

Þjóðverji. Fann árið 1861 fyrsta talsímann. Talsími Reiss hlaut þó ekki viðurkenningu.

Alexander Graham Bell

1847-1922

Skozkur ameríkumaður, málleysingjakennari. Fékk 14. febr. 1876 einkaleyfi á talsíma sínum. Sími Bells hóf strax sigurför um heiminn.

David E. Hughes

1831-1900

Enskur menntaskólakennari. Endurbætti ritsímatækni Morse. Fékk einkaleyfi á fjarrita 1856. Hughes endurbætti einnig árið 1877 hljóðnemann, sem síðar hefur verið notaður í talsínum, útvarpi, talmyndum og sjónvarpi.

James Clerk Maxwell

1831-1879

Enskur háskólakennari. Hann fann reiknireglur fyrir ýmsum athugunum Faradays, Ørsteds og Ampères og skýrði þær. Kom með þá kenningu (1865), að ljósið væri rafsegulbylgjur, og hvatti uppfinningamenn til þess að beina athygli sinni að öðrum, ósýnilegum, rafsegulbylgjum, sem hann spáði, að finnast mundu.



Heinrich Daniel Ruhmkorff

1803-1877

Dýzkur úrsmiður. Fór ungur til Parísar þar sem hann settist að og opnaði mælitækjaverkstæði, sem framleiddi m.a. nákvæma straummæla og neistagjafa, en tæki þessi voru notuð á tilraunstofum eðlisfræðinga um allan heim.

Heinrich Rudolf Hertz

1857-1894

Dýzkur eðlisfræðingur. Sannaði kenningu Maxwells. Fann, að rafmagnsneistar myndarafsegulmagnsbylgjur (1888), sem berast ósýnilegar um loftið. Lagði grundvöllinn undir loftskeytafræðina. Hertz notaði "Leyden"-flöskur við tilraunir sínar og Ruhmkorffs-neistagjafa.

Edouard Branly

1844-1940

Franskur háskólakennari. Athugaði neista frá "Leyden"-flöskum og fann móttakara, sem notaður var á bernskuárum loftskeytafræðinnar (1890). Móttakarinn var lítil glerpípa með málmsvarfi (sbr. ljóðnemann).

Alexander S. Popov

1859-1905

Rússneskur eðlisfræðingur og veðurfræðingur. Gerði ýmsar mjög athyglisverðar tilraunir með þráðlaus skeyti. Í maí 1895 gat hann sent merki 190 m vegalengd. Árið 1899 hafði hann þráðlaus viðskipti við herskipið "Aprasin", 72 km vegalengd. Árið 1900 var ísbrjóti beint með loftskeytum að ísjaka í Finnskaflóanum og með því bjargað mörgum mannlífum. Árið 1903 var í Rússlandi opnuð fyrsta loftskeytastöðin fyrir almenna þjónustu. Popov er talinn hafa fundið fyrsturloftnetið og notkun þess.

Guglielmo Marconi

1874-1937

Ítalskur eðlisfræðingur (móðirinn írsk). Hann beitti öllum kröftum sínum og fjármagni til að gera loftskeytatæknina samkeppnisfæra við ritsímann. Hann fékk brezkt einkaleyfi á "neistaloftskeytum" í júlí 1896 og sams konar einkaleyfi í Bandaríkjunum 1897. Á þessum árum voru þó tæki Popovs hins rússneska betri, enda gat Popov sýnt betri árangur á þessum árum. Dugnaður og sigurvilji Marconis var þó ódrepanði. Árið 1897, þegar tæki hans gátu enn aðeins brúað 8 km vegalengd, stofnaði hann félagið "Marconis Wireless Telegraph and Signal Co. Ltd.", en 12. desember 1901 gat hann sent loftskeytamarki frá Poldhuf Cornwall, Englandi, til Signal Hill við St. Johns í Nýfundnalandi í Ameríku. "Marconi Wireless"-félagið kom mikið við sögu loftskeytatækninnar um allan heim, þar á meðal hér á Íslandi 1905 og síðar. Marconi fékk Nobelsverðlaunin árið 1909.

"Telefunken"

1903

Hinn 17. maí 1903 stofnuðu þýzku tæknifræðingarnir Adolf Slaby og Graf von Arco frá þýzka fyrirtækinu AEG og Braun frá Siemens-fyrirtækinu sameiginlegt félag, "Gesellschaft für drahtslose Telegrafi" (Telefunken). Félag þetta, sem hafði mjög fjársterk fyrirtæki á bak við sig, varð allumsvifamikið og gerði 1905 tilboð í loftskeytasamband við Ísland.

Rafmagn í lofttómi

Heinrich Geissler

1815-1879

Dýzkur glerblásari. Fann upp kvikasilfursloftdælinguna, en með henni var unnt að fá margfalt betra lofttóm en með loftdælu Gnerickes, sem áður var notuð. Lofttóm Geisslers-rör urðu mjög fræg og með þeim opnaðist ný og merk vísindagrein.

Julfus Plücher

1801-1868

Dýzkur háskólakennari. Notaði Geisslers-rör með innsteypum rafskautum og athugaði ljómið sem myndaðist við mismunandi efni og misjafn lofttóm. Hann fann árið 1859 katóðugeislana og ljóm gastegunda.

Wilhelm Hittorf

1824-1914

Dýzkur eðlisfræðingur, lærisveinn Plücker's. Fann 1869, að sveigja mátti katóðugeisla til með segulmagni og þeir væru að þessu leyti líkir straumvírur.

Konrad Wilhelm Röntgen

1845-1923

Dýzkur háskólakennari. Hann uppgötvaði eiginleika "X-geislanna", er hann var að athuga katóðugeisla úr Geisslerröri. Geisla þessa, sem síðan fengu nafnið Röntgengeislar, uppgötvaði hann 8. nóv. 1895. Öldulengd þeirra er þúsundfalt styttri en ljósöldulengdir. Uppgötvun Röntgens olli tímamótum í læknisfræði og fleiri vísindagreinum. Hann hlaut Nóbelsverðlaunin í eðlisfræði fyrstur manna árið 1901.

Karl Ferdinand Braun

1850-1918

Dýzkur háskólakennari. Sameinaði uppgötvanir margra annarra (svo sem W. Crookes, Wahnelts og Richardsons) og bjó til árið 1897 Braunsrörið, sem er katóðurör með myndskermi og stýribúnaði.

Philipp Lenard

1862-1947

Dýzkur eðlisfræðingur. Fékk 1905 Nobelsverðlaun fyrir tilraunir sínar á þessu sviði, en þær urðu undirstaða atómvísinda og ljósrörataekninnar.

Hendrick Antoon Lorentz

1853-1928

Hollenzkur eðlisfræðingur. Honum tókst að sameina katóðugeislaþekkinguna ljóskenningu Maxwells og stofnaði þannig til rafangakenningarinnar.

Heinrich Göbel

1818-1893

Dýzkur tæknimaður, þúsund þjala smiður. Vann að smíði eðlisfræðiáhalda. Hann flúði til Ameríku árið 1848. Hann fylgdist með uppgötvun Geisslers á kvikasilfursdælunni árið 1854 og bjó þá til "rafmagnsperur" með því að láta rafstraum fara um bambustrefjar í lofttómi. Þetta var 25 árum áður en Edison heppnaðist að gera glóperu sína. Rafmagnsperur Göbels höfðu allt að 100 stunda endingartíma, og notaði hann þær m.a. sem auglýsingu.

Vadimir Kosma Zworykin

1889-

Pólskur eðlisfræðingur, sem flutti árið 1919 til Ameríku. Hann er faðir sjóvarpstækninnar. Í árslok 1923 fékk hann einkaleyfi á myndsjá (Ikonoskop) og í árslok 1938 heildareinkaleyfi á sjónvarpi líkt og það er í dag. Bók hans "Television", 1940, er undirstöðuverk á því sviði.

Ernst Ruska

1906- og

Bodo von Borries

1905-1956

Þessum tveim þýzku háskólakennurum þökkum við rafagnasmásjána. Ruska sýndi fyrstu rafagnasmásjána í Berlín 4. júní 1931. Hún stækkaði aðeins 150 sinnum.

Seinna urðu þeir samstarfsmenn og framleiddu smásjár, sem stækkuðu fimmhundraðþúsund sinnum. Segulmagn er notað til að beina katóðugeislum líkt og bjúggler gera í venjulegum smásjám við ljósgeisla. Í þessum rafagnasmásjám hafa menn séð veirur ýmissa hættulegra sjúkdóma.

Robert Alexander Watson-Watt

1892-

Skoti. Lærði veðurfræði, en hafði einnig mikinn áhuga á rafmagnsfræði. Árið 1933 tilkynnti hann aðferð til að "sjá" þrumuský í allt að 100 km fjarlægð. Vorið 1935 var hann fenginn til að halda fyrirlestur í varnarmálanefndinni brezku, og upp frá því vann hann að því að endurbæta uppgötvun þá, sem gengið hefur undir nafninu: Radar og Englendingar tóku í notkun strax í stríðsbyrjun. Radar, eða geislabergmálsmelarnir brezku, urðu Englendingum mjög sterkt varnarvopn og ollu því, meðal annars, að Englendingar unnu "stríðið um Bretland" árið 1940.

Brautryðjendur rafmagnstækninnar

Werner von Siemens

1816-1892

Dýzkur uppfinningamaður. Byrjaði með því að stofna ritsímatækjaverkstæðið Siemens & Halske 1847. Georg Halske (1814-1890) var lærður vélsmiður, samverkamaður Werners Siemens alla tíð.

Siemens byggði 1848 fyrstu ritsímalínuna á meginlandi Evrópu, milli Berlínar og Frankfurt. Werner var elztur margra bræðra, sem hétu Carl, Friedrich, Georg og Wilhelm. Allir þessir bræður unnu í fyrirtækjum Siemens. Fridrich og Wilhelm voru ásamt Werner miklir uppfinningamenn. Wilhelm settist að í Englandi. Carl var lengi í Rússlandi og Friedrich í Frakklandi. Werner Siemens bjó til árið 1866 fyrsta (rakstraums) rafalann, sem vann vel. Árið 1881 bjó hann til fyrstu rafmagnslyftuna til mannflutninga. Siemens-bræður voru einnig brautryðjendur í strengjataekni og á mörgum öðrum sviðum raftækninnar.

Thomas Alva Edison

1847-1931

Bandaríkjamaður. Skólanám hans var mjög lítið. Hann lærði símritun og vann sem símritari í nokkur ár. 19. febr. 1878 fékk hann einkaleyfi á hljóðrita (phonograph) og hlaut fyrir þá uppgötvun fé og frægð. Hinn 15. október um haustið stofnaði hann fyrirtækið "Edison Electric Light Co." og var þá farinn að glíma við að finna upp glóperur til ljósa. Hinn 21. október 1879 tókst það. Edison var fyrstur til að hliðtengja ljósaperur. Áður höfðu þær verið raðtengdar. Hinn 4. september 1882 opnaði hann fyrsta raforkuverið til almenningsnota í New York. Við það voru tengdir 59 notendur. Stærð orkuversins var 90 kW.

Emil Rathenau

1839-1915

Dýzkur fésýslumaður. Hann kynntist "Ljósi Edisons" á heimssýningunni í París 1881 og fékk einkaleyfi á uppgötvun Edisons. Í Dýzkalandi stofnaði hann AEG, Allgemeine Elektrizitäts-Gesellschaft, og vann að því ásamt Siemens & Halske að rafvæða Dýzkaland.

Georg Westinghouse

1846-1914

Bandaríkjamaður, án mikils skólanáms. Hann var efnaður og kunni að velja sér hjálparmenn. Westinghouse setti sér það mark að endurbæta orkuflutninginn og barðist fyrir notkun riðstraums og háspennu.

Barrington var fyrsta borgin í heiminum, sem fékk riðstraum og háspennta aðlínu (1150 Volt) árið 1886.

### Nicola Tesla

1856-1943

Króati. Lærði stærðfræði og eðlisfræði í háskóla í Prag. Vann fyrst sem verkfræðingur hjá símastjórninni í Austurríki, síðar í París, en fór 1882 til Ameríku. Hann fékk stöðu hjá Edison, sem hann vildi fá til að smíða riðstraumsvélar, en Edison fannst það heimskulegt. 1. maí 1888 fékk Tesla einkaleyfi á tveggja fasa riðstraumsrafala. Skömmu síðar fór hann til Westinghouse. Í sameiningu fengu þeir því til leiðar komið, að Niagara-fossarnir voru virkjaðir og orka þeirra flutt með riðstraum 630 km leið til Buffaloborgar. Fann Tesla spennirinn sem notaður er við háspenniprófanir.

### Oskar von Miller

1855-1934

Dýzkur. Lærði vélsmíði. Sá Parísarsýninguna 1881 og hafði upp frá því áhuga á rafmagni. Byggði fyrstu háspennulínuna 1891 frá Lauffen við Neckar til Frankfurt við Main, um 175 km vegalengd. Rekstursspenna var 15000 volt (orkutöp í línunni voru "aðeins" 24%) Miller varð seinna forstjóri AEG og telst einn af brautryðjendum riðstraumstækninnar.

### Karl Steinmetz

1856-1923

Dýzkur stærðfræðingur. Krypplingur á vöxt. Flúði 1889 til Ameríku. Vann þar fyrst hjá landa sínum Rudolf Eichenmayer, sem átti litla raftækjaverksmiðju. General Electric tók við verksmiðjunni 1893 og fékk "dýrgripinn" Steinmetz með í kaupunum. Hjá General Electric vann Steinmetz við góðar aðstæður, og frá hans hendi er fjöldi kennisetninga riðstraumsfræðinnar.

## Brautryðjendastarf á Íslandi.

### Magnús Stephensen

(1783)

Hann ritaði árið 1783 fyrstur Íslendinga um "rafkraft" og notkun eldingavara.

### Ritsími til Íslands

(ráðagerðir 1852-1866)

Fyrsti sæsíminn var lagður yfir Ermasund í ágúst 1851. Strax 1852 sóttu bræðurnir Harrison (brezkir) um einkaleyfi á sæstrengslagningu eyjaleiðina um Færeyjar, Ísland og Grænland til Kanada.

Síðar sóttu ýmsir aðrir, t.d. Schafner (Bandaríkjamaður). Úr þessu varð þó aldrei neitt.

### Tillaga Skúla Thoroddsen

(Alþingi 1891)

Á Alþingi 1891 báru þeir Skúli Thoroddsen og Jens Pálsson fram tillögu um athugun á að leggja sæsíma til landsins. Þetta var fyrsta sporið, sem stigið var af hálfu Íslendinga í þá átt að koma upp ritsíma. Skúli Thoroddsen var enn fremur forystumaður þess, að talsími var lagður milli Ísafjarðar og Hnífsdals 1891.

### Jón Þórarinnsson, fræðslumálastjóri

(1890)

Var aðaldriffjöðrin að því, að lagður var talsími milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur.

Síminn opnaður 15. október 1890.

### Frímann B. Arngrímsson

1855-1936

Stundaði háskólanám í Kanada. Kom til Reykjavíkur 1894, vildi virkja Elliðaárnar og lýsa og hita Reykjavík frá þeirri virkjun.

Haustið 1895 raðaði hann upp voltasúlu og fékk nægan straum fyrir eina ljósaperu (af venjulegri Edisons-gerð). Hugmyndir hans fengu ekki hljómgrunn svo Frímann fór vonsvikinn af landi burt.

### Marconi-skeyti til

Íslands 1905.

Marconi-Wireless-félagið sendi snemma í júní-mánuði 1905 mann með efni í loftskeytamóttökustöð til Reykjavíkur. Móttökustöðin var reist við Rauðará, rétt innan við Reykjavík. Stöðin tók við fréttaskeytum frá Poldhu í Cornwall. Fyrsta skeytið var mótttekið 26. júní 1905, síðustu skeytin birtust í Reykjavíkurbliðum 5. október 1906, en þá var ríftsímasambandið komið á.

Marconi-samband við  
Ameríku 1907.

Hinn 17. október 1907 var opnað samband af Marconi-Wireless-félaginu milli Glace Bay í Ameríku og Clifden í Írlandi. Frá þeim tíma er talið að öruggt samband hafi verið yfir Atlantshaf með loftskæptum.

Loftskæptastöðin í  
Reykjavík 1918.

Loftskæptastöðin (á Melunum) var einnig frá Marconi-Wireless-félaginu. Hún var opnuð til almenningsnota 17. júní 1918. Fyrsti stöðvarstjóri Friðbjörn Aðalsteinsson.

Eyjólfur Þorkelsson  
1849-1923

Úrsmiður. Setti upp bogalampa í vinnustofu sína í Austurstræti 8 og sömuleiðis í prentsmiðju og skrifstofu Ísafoldar, Austurstræti 8. Orkugjafinn var steinolíuhreyfill, sem rak rakstraumsrafala. 1899 var kveikt á þessum fyrstu rafljósum höfuðstaðarins.

Klæðaverksmiðjan Iðunn  
1903

Kom upp gufuvél, sem knúði ýmsar vélar verksmiðjunnar og þar á meðal ljósavél árið 1903. Fleiri fyrirtæki fylgdu í kjölfarið.

Jóhannes J. Reykdal  
1874-1946

Dingeyskur trésmiður. Lærði iðn sína á Akureyri og í Kaupmannahöfn. Fór síðan til Noregs, þar sem hann kynntist vatnsorkuvirkjunum Norðmanna. Þegar heim kom, settist hann að í Hafnarfirði, þar sem hann reisti trésmíðaverkstæði við Hafnarfjarðarlæk. Lækin notaði hann til að reka trésmíðavélar verkstæðisins, og 1904 keypti hann frá Noregi 9 kW rakstraumsrafal, sem hann setti í samband við vatnshjólið. 12. des. 1904 var kveikt á fyrstu ljósunum frá þessari vél, en alls fengu 16 íbúðarhús auk verkstæðisins ljós frá vél Jóhannesar. Halldór Guðmundsson, raffræðingur sá um raflagnirnar. Þetta var fyrsta vatnsorkuver Íslendinga og fyrsta rafmagnsveitan til almenningsnota. Á næstu árum stækkaði Jóhannes Reykdal stöð sína.

---

Þar sem hér er ekki ætlunin að rekja sögu rafmagnsins á Íslandi, verður hér látið staðar numið við fyrstu íslensku rafstöðina.



## UM MÆLIEININGAR AFLS OG ORKU

Í töflum þeim, er hér hafa birzt, eru notaðar einingar þær og skammstafanir, er alþjóðlega raftækninefndin ( International Electrotechnical Commission - IEC ) mælir með, og notaðar hafa verið í flestum löndum heims, þar á meðal á Norðurlöndum um langan aldur.

Grundvallareining afls er watt ( skammstafað: W; einingin er nefnd eftir James Watt, þeim er fann upp gufuvélina ).

Grundvallareining orku er í rauninni wattsekúnda ( skst. Ws; s er alþjóðleg skammstöfun fyrir sekúnda; dregið af latneska orðinu secunda = sekúnda ), en sökum þess hve lítil eining það er fyrir flest hagnýt not, var mynduð einingin wattstund (skst. Wh; h er alþjóðleg skammstöfun fyrir klukkustund; dregin af latneska orðinu hora = klukkustund ).

1 wattstund er orka sú, sem aflið 1 watt gefur á einni klukkustund.

Grundvallareiningar þessar, W og Wh, eru í mörgum tilfellum óþægilega smáar, einkum ef um er að ræða afl og orku stórra raforkuvera, samanlagt afl eða orku raforkuvera í heilum landshlutum eða löndum. Af þeim sökum eru mjög notaðar aðrar stærri einingar, sem leiddar eru af grundvallareiningunum, á sama hátt og t. d. einingin kílómetri, km, er afleidd af grundvallareiningunni metri, m, eða kílógramm, kg, er leitt af gramm, g, o. s. frv.

Helztu afleiddar einingar afls og orku eru þessar :

### Afl :

Kílowatt	kW				1 000 W
Megawatt	MW			1 000 kW	1 000 000 W
Gígawatt	GW		1 000 MW	1 000 000 kW	1 000 000 000 W
Terawatt	TW	1000 GW	1 000 000 MW	1 000 000 000 kW	1 000 000 000 000 W

### Orka :

Kílówattstund	kWh				1 000 Wh
Megawattstund	MWh			1 000 kWh	1 000 000 Wh
Gígawattstund	GWh		1 000 MWh	1 000 000 kWh	1 000 000 000 Wh
Terawattstund	TWh	1000 GW	1 000 000 MWh	1 000 000 000 kWh	1 000 000 000 000 Wh

## MERKING TAKNA

-	núll eða ekkert
0	minna en hálf eining
...	að upplýsingar séu ekki fyrir hendi
.	að ekki er tala skv. eðli málsins
x	að talan er að nokkru eða öllu leyti áætluð
( )	að talan í sviganum er ekki með í summu
→	innifalið í annarri tölu eins og þrin vísar til
1), 2), o. s. frv.	tilvísun til athugasemda

